Gjörða bók

Ungmennafélags Holtshreppinga 1919–1926

## 1. Fundargerð.

Dag 9. febrúar 1919 var stofnfundur Ungmennafjelags Holtshreppinga settur og haldinn að Stóraholti.

Fundarstjóri var Hannes Hannesson og nefndi hann til skrifara Árni Kristjánsson.

Þá var tekið til starfa á þessa leið.

1. Lesin upp lög fyrir fjelagið og rædd grein fyrir grein. Fyrsta grein var samþykt óbreytt. Önnur gr. var samþykt með dálitlu ákvæðu – ~~breyt~~ áritaðri á lögin. 3–13 gr. samþykt var breytingarlaust. 13. gr. samþykt með svohljóðandi breytingu. Enginn af ungmennafjelögum, sem enn ekki hafa spilað peningaspil mega þau upp-taka. 14. gr. samþykt með þeirri breyt–ingu. Starfstími fjelagsins sé alt árið. 15. gr. samþykt óbreytt. Á fundinum voru mættir 23, konur og karlar sem öll skrifuðu nöfn sín undir lögin.

2. Þá var kosið í stjórn fjelagsins og hlutu kosningu þessir. Formaður fjelagsins Snorri Snorrason skrifari Hannes Hannesson og gjaldkeri Árni Kristjánsson. Í varastjórn voru kosnir Formaður Guðm. Ólafsson Skrifari Guðm. Benediktsson og gjaldkeri Hermann Jónsson. Sömuleiðis voru kosnir til að endurskoða reikninga fjelagsins Sveinn Jónsson og Helgi Kristinsson.

Fundarstjóri til næsta fundar er Snorri Snorrason og í dagskrárnefnd voru skipaðir Árni Kristjánsson Sofonías Jónasson og Snorri Jónsson.

Fleira kom ekki til umræðu á fundinum fundargerð lesin upp og samþykt. Fundi slitið

Árni Kristjánsson (skrifari)
Hannes Hannesson (fundarstjóri)

## 2. Fundargjörð

Þann 9. mars 1919 var fundur haldinn í ungmennafélagi Holtshrepps. Fundarstjóri Snorri Snorrason setti fundinn og til nefndi skrifara H. Hannesson.

Þetta var tekið fyrir á fundinum.

1. Lesin upp lög félagsins fyrir þá menn sem gengu í félagið, sem voru 5 að tölu.

2. Hvernig er hægt að afla félaginu peninga.

Framsögumaður Árni Kristjánsson skýrði málið frá ýmsum hliðum, arðvænlegustu leiðina til að afla félaginu peninga taldi hann að mundi verða sú, að félagsmenn heyjuðu á komandi sumri og seldu svo heyið, en léti þá ósk jafnframt í ljósi að menn bentu á fleiri leiðir í þá átt.

Kom þá fram að ýmsum þótti æskilegt að skemtanir yrðu höfð, svo sem dans og tombóla uppboð til ágóða fyrir félagið, að síðustu var kosin 3ja manna nefnd til að undirbúa heyskapar hugmyndina og hlutu þessir kosningu: Árni Kristjánsson; Jón Jóakimsson og Snorri Snorrason, ennfremur var kosin nefnd til að undirbúa skemtanirnar

voru þessir til nefndir af fundarstjóra Sofonías Jónasson Petrea Stefánsdóttir Hannes Hannesson.

3. mál. Aðgerð á Gilslaug. Framsögumaður Sofonías Jónasson. Frummælandi taldi nauðsynlegt að ungmennafélagið reyndi að bæta hinn brotna stíflugarð Gilslaugar og taldi víst að félagið von mundi eitthvað leggja þar til peningalega. málið ekki rætt að mun, en fundurinn áhvað að halda því vakandi og taka það til rækilegrar íhugunar.

4. mál. Söngur. Frummælandi Snorri Jónsson tilkynnti hvað söngur væri fögur list og ~~to~~ nauðsyn bæri til að nefna hann, en hallaði sér þó helst að því að sungið yrði fyrir og eftir fundi. Um málið varð all mikið þras sem endaði með svohljóðandi tillögu frá Árna Kristjánssyni:

Fundurinn samþykkir að félagsmenn hafi óbundnar hendur með söng fyrir og eftir fundi.

Tillaga þessi var samþykt óbreytt.

5. kosið í dagskrárnefnd. ~~Kosnir~~ Björn Stefánsson Jón Jóakimsson Hermann Jónsson. Fundarstjóri til næsta fundar Árni Kristjánsson. Fundi slitið. Hannes Hannesson Snorri Snorrason

## 3. Fundargjörð

Sunnudaginn 23/3 1919 helt Ungmennafélag
Holtshreppinga fund að Stóraholti.
Fundarst. Árni Kristjánsson skrifari Snorri Snorrason
Mál sem lögð voru fyrir fundinn voru þessi
1. Lesin upp fundargjörð frá síðastafundi og sam-
-þykt óbreytt.
2. Nefnarálit hegskaparnefnarinnar tekit til um-
-ræðu og samþykt óbreytt. Sömuleiðis gjörðir
skemtinefnar að því viðvöldu að lánafélögum
það sem þeir byðu í á vontanlegu bögla uppboði
til 1. ágúst næstkomandi.
3. Hvort er betra að vera giftur eða ógiftur? framsögum.
Björn Stefánsson. þessir töluðu í málinu
Björn Stefánsson 1 Hannes Hannesson 2-4. Baldvin Kristinsson
Árni Kristjánsson 3 Snorri Snorrason 3. 2
4. Glíma. Framsögu maður Jón Jóakimsson
Mál þetta var allmikit rætt, og kosin nefnd
til að athuga hvort félagit gæti haft glímur
um hönd kosnir voru Jón Jóakimsson,

Hannes Hannesson og Snorri Snorrason.
Til næsta fundar kaus fundarstjóri í framsögum.
H. Hannesson, Jónu Stefánsdóttur Snorra Snorrason
og til að stýra næstafundi Snæbjörn Hjálmarsson
Fleiri mál voru ekki tekin til umræðu
Fundi slitit
Snorri Snorrason (ritari)
Árni Kristjánsson (fundarstjóri)

## 4. Fundargjörð

7/4. 1919 var fundur haldinn i Ungmenna félagi Holtshreppinga.

Fundar stjóri Snæbjörn Hjálmarsson nefni til ritara Snorra Jónsson. Þetta var tekit fyrir á fundinum

1. Skíðaæfing. fram. s. m. Hermann Jónsson Taldi nauðsynlegt að komit væri á skíðaæfingum því sályst væri að verða í niðurlegingu sem þó væri bæði gagnleg og ~~bráð~~ holl. Nefn var kosinn í málit til að athuga hvernig best yrði fyrirkomulag skíðaæfingamna; kosningu hlutu Jón Jóakimsson, Björn Stefánsson, Sveinn Jónsson
2. mál. Hvort er skemtilegra að vera á sjó eða landi] Framsögandi Jónanna Stefánsdóttir. Um málit urðu góðar umræður og að síðustu tekit út af dagskrá
3. Tillaga borin upp af formanni félagsins að blað komi ekki út fyr en á aðal fundi næsta haust, tillagan sam þykt.
4. Kosinn fundarstjóri til næstafundar Björn Stefánsson
5. kosit í dagskrá Hannes Hannesson Snorri Snorrason og Valgarður Krisjánsson. Fundi slitit) Snorri Jonsson (ritar) Snæbjörn Hjálmarsson

## 5. Fundargjörð

Sunnudaginn 1/5 1919 hélt Ungmennafélag Holtshreppinga fund að Stóraholti.

Fundarstjóri Snorri Snorra Skrifari Valgarður Krist. Þetta varlagt fyrir fundinn.

1. Lesnar upp fundargerðir frá tveim síðustu fundum önnur frá Snorra Snorrasyni samþykt óbreytt hin frá Snorra Jónssyni samþykt með dálitilli breytingu
2. Aðal mál á dagskrá var um endurreisn Gilslaugar málsflytjandi var Snorri Snorrason, Málit var allmikit rætt og að síðustu varð sú niðurstaða að fá verkfræðing sem vonar á að ferðist her um, til að skoða laugarstaðit og gera áætlun um hvernig hagkvæmast og traustast yrði bygður garður við laugina, Enfremur kom til tals að sked gæti að Ungmenna felag Siglfirðinga vildi leggja til þessarar laugarbyggingar og var Arna Kristjánssyni falit á hendur að færa það í tal við formann þess felags Guðm. Skarphedinsson

Fleira kom ekki til umræðu. Fundi slitit

Valgarður Kristjánsson (ritari)

Snorri Snorrason (fundarstjóri)

## 6. Fundargjörð.

Sunnudaginn 27. júlí 1919 var fundur haldinn í Ungmennafélagi Holtshreppinga að Stóraholti.

Fundarstjóri var Jón Jóakimsson, skrifari Sveinn Jónsson. Þetta var tekið fyrir á fundinum.

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt.
2. Rætt um hinn fyrirhugaða heyskap félagsins og ákveðið að byrja 10. ágúst. Flokksforingi fyrir sláttumanna flokkinn var kosinn Snæbjörn Hjálmarsson í stað Hermans Jónssonar sem gekk úr leik.
3. Talað var um byggingu á garðinum við Gilslaug og samþykt að kjósa menn til að skoða garðstæðið, og gjöra tillögur um hvernig best væri að byggja hann; Stakk fundarstjóri uppá Snorra Snorrasyni og Árna Kristjánssyni til þess starfa, og var það samþykt.
4. Formaður bar upp tillögu um að frestað yrði fundum þartil að aðalfund bæriað og var það sam-pykt, [það er að segja ef engin stór nauðsyn bæri til að kalla saman fund.] Fleira kom ekki til umræði

Fundi slitið. Sveinn Jónsson (ritari) Jón Jóakimsson (fundarstjóri)

## 7 Fundargjörð.

2./11 1919 Var fundur haldinn í Ungmennafélagi-Holtshreppinga.

Fundarstjóri Snorri Snorrason, skrifari Hannes Hannesson

Þetta var tekið fyrir á fundinum

1. Lesin upp fundar gjörð frá síðasta fundi og samþykt.
2. Talað um sölu á heyi Ungmenna.fé. Var Jóhannes Friðbjarnarson hreppsnefndar oddviti staddur á fundinum og mæltist til að Ungmennafélagið seldi heyið nokkrum bændum neðan Stífluhóla, en hafði þó ekki umboð til að ákveða fyrirgift á heyinu, eða slá neinu föstu. - Ungmf. ákváðu að bændur þessir gætu fengið heyið með þeim skilmála að borga hestinn, innbundinn á 6in krónur, einnig lofaði Jóhannes að mæta á næstafundi hjá Ungmf.fe. og hafa þá vissu fyrir hvort bændur gengju að eða frá kaupunum á heyinu, eða að öðrum kosti að hafa samið við formann félagsins.
3. Lesin upp lögfélagsins en ekki rædd að neinum mun að-ein ein breytingar-tillaga kom fram, við 4. gr. laganna frá Hannesi Hannessyni, svo hljóðandi -

Fundurinn samþykkir að árgjöld sjeu greidd til gjaldkera fyrir 10 október árhvert. Tillaga þessi var samþykt í einuhljóði.

4. Gjaldkjeri lasupp yfirlit yfir fjárhag fjelagsins yfir liðna árið, en reikningar voru ókláraðir, lofaði hann að leggja þá fram endurskoðaða á næsta fundi fjelagsins.

5. Ritari gerði grein fyrir frammistöðu sinni gagnvart fjelaginu og bargaði 80,00 áttatiu krónur til gjaldkera sem eftir voru hjá honum óinnheimtar frá bazla upp boðinu sóla.

6. Kosið í ~~nefndir~~ stjórn fjelagsins. Þessir hlutu kosningu. Form. f. Snorri Snorrason með 20 atkvæðum; ritari H. Hannesson með 20 atkvæðum; gjaldkjeri Árni Kristjánsson með 17 atkvæðum. Varaformaður er Guðm. Bern vara ritari Sveinn Jónsson vara gjaldkeri Jóna S. Sigurðardóttir.

7. Skipað í nefndir. Í skemtinefnd Helgi á Hamri, Jóna í Holti, Snorri á Skeið, Björn Stefánsson, Jónanna Reykjahlíð. Í ritnefnd Árni Kristjánsson, G. B. H. H. og skal hún sjá um útkomu blaðsins til næstafundar. Í framsögu nefnd H. H. Valgarður Kristjánsson og Jóna Sigurðardóttir

Fundarstjóri tilnæstafundar Helgi Kristinsson —

Fleira kom ekki til umræðu — að afloknum fundi þakkaði formaður f. fjelagum fyrir góða samvinnu á liðna ~~árinu~~ árinu.

Oddviti Jóhannes Friðbjarnarson þakkaði fundinum fyrir góða skemtun og óskaði fjelaginu til heilla og hamingju í framtíðinni — Þakkaði formaður f. ræðumanni fyrir hönd fjelagsins.

~~Fundi slitið~~

Fundargjörð lesin upp og samþykt.

Fundi slitið

Snorri Snorrason - fundarst. — Hannes Hannesson — ritari —

## 8. Fundargjörð

Sunnudaginn 23/11. 1919 var fundur haldinn af Ungmennafjelagi Holtshreppinga að Stóraholti.

Fundarstjóri var Snorri Snorrason og tilnefndi hann sem skrifara Svein Jónsson.

Mál sem tekin voru fyrir á fundinum voru þessi

1. Lesin upp fundargjörð síðasta fundar og samþykt.
2. Lesnar upp ritgerðir sem blaðinu höfðu borist af oddamanni ritnefndarinnar Hannesi Hannessyni Sámnefndarm. Hans, Árni Kristjánsson vildi að þeim sem rituðu í blaðið væri gert að skyldu að lesa sjálfir upp ritgerðir sínar; Kvað hann það efla mundu með-limi fjelagsins ef þeir læsu þær upp á fundum. Mæltu nokkrir á móti því og kváðu það mundu verða óáheyrilegt ef hver læsi upp sína ritgerð með annarahönd. Niðurstaðan varð sú að þeir sem óskuðu þess væri það leyfilegt en enginn skyldur til þess.
3. Fundarstjóri las upp bref frá hreppsnefnd Oddah. þar sem hann afsalar sér forkaupsrjetti á heyi fjelagsins
4. Tilkað voru gjörð í hey fjelagsins af þremur mönnum: Sigurjóni á Skeiði, Sveini á Brunastöðum, og Jónasi á Nefstöðum, buðu þeir 10,00 tíukrónur fyrir hestinn innbundinn og teknar voru til greina skemdir ef fram komu. Enfremur bauð Sigurjón á Skeiði fjelaginu 40 hesta land til slægna næsta sumar ef það vildi, með sanngjarnri undirgift. Formaður bar það undir fundinn hvort hann vildi fela sjer sölu rjett á heyinu og kom skriflег tillaga um það frá Hannesi Hannessyni, svo hljóðandi: Fundurinn samþykkir að formaður fjelagsins hafi umboð til að selja hey ungmennaf. þeim er vilja kaupa, en tillit skal taka til skemda ef fram kunna að koma eftir sanngjörnu mati fjelagsmanna.
   Fundurinn samþykti tillöguna málið tekið út af dagskrá.
5. Skipað í nefndir – Í framsögunefnd þeir sömu og áður, þar sem ekki entist tími til að ræða mál þeirra. Í ritnefnd Árni Kristjánsson oddamaður var kyr í nefndinni, Valgarður Kristjánsson og Helgi Kristj.

Fundarstjóri til næsta fundar Bolrein Kristinsson.

Fundarstjóri ~~til næsta fundar~~ þakkað mönnum góðar umræður og sagði fundi slitið. Fundargerð lesinn upp og samþykt

Snorri Snorrason (fundarstjóri) Sveinn H. Jónsson (ritari)

9 Fundargerð

Sunnudaginn 21. des 1919 hafði Ungm. félag
Holtshreppinga fund að Stóraholti.
Fundarstjóri Baldvin Kristinsson
Skrifari Snorri Snorrason
Verkefni sem lágu fyrir fundinum voru
1. lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og sam-
-þykt óbreytt.
2. Helgi á Hamri skýrði frá afrekum skemti-
-nefndarinnar, sem engar voru. Nefndin leitaði álits
fundarins um hvort gerandi væri fyrir félagið að hafa
álfadans; um það voru skiftar skoðanir. Málið talið
vert rætt, síðast var fundurinn ásáttur um að ~~hafa~~ láta
skemtinefndina algjörlega hafa fyrir að koma á skemtun
til ágóða fyrir félagið.
3. Formaður skýrði frá að hann hefði seldi hey-
-fúlgu félagsins, Sigurjóni Sigbryggssyni á Skeiði
og Sveini Arngrímssyni á Brunastöðum fyrir 10,00
krónur bestum innbundinar með því skilyrði að
félagið tæki þátt í skemdum sem kynnu að koma fram
í heyinu.
4. Guðmundur Ólafsson gerði fyrirspurn um það hvernig
peningum félagsins skyldi varið í framtíðinni.
Formaður varð fyrir svari, og hvað vanta í lög-
-félagsins ákvæði um sjóð þess, en að fyrst og fremst
mundi félagið verja fé sínu til að koma upp sundstæð
við Pílslaug helst í samráði við sveitarfélagið.
5. Jóna Sigurðardóttir gerði fyrirspurn um hvort
félagið ætlaði að hafa skíðaæfingu í vetur eða að stinga
því máli algjörlega undir stól. Málið var töluvert rætt
og vildu sumir fundarm. að æfing væri eingöngu innbyrðis
meðal félaga en aðrir ekki. Að félagið veitti verðlaun
fyrir að skara fram úr í listinni vildu allir.
Til var nefnd í þessu máli ársgömul en að gjörða
laus með öllu, og var því kosin ný nefnd og hlutu
þessir kosningu. Jón Jóakimsson, Jón Arngrímsson og
Sveinn Jónsson. Nefndinni falin framkvæmd í málinu
og ~~átti~~ hún að láta eitthvað sjást eftir sig það allra fyrsta.
Af því að í framsögunefnd voru Hannes Hannesson

og Valgardur Kristjánsson og höfdu ekki enn komit med málefni bóti fundarstjóri aðeins Jóni Arngrímssyni við i nefndina til næsta fundar.
Settur fundarstjóri næst Jóna Sigurðardóttir
Fundargjörð lesin upp og samþykt.
Fundi slitit
Balvin Kristinsson (fundarstjóri)
Snorri Snorrason (fundarskrifari)

## 10. Fundargjörð

Þann 18/1. 1920 var fundur haldinn i Ungmennafélagi Holtshreppinga að Stórahólti
Fundarstýra Jóna Sigurðardóttir; ritari H. Hannesson
Þetta var tekið fyrir á fundinum:

1. Lesin upp fundargerð frá síðastafundi og samþykt
2. Lagðir fram reikningar félagsins og endurskoðaðir reyndust þeir réttir vera og voru samþyktir.
3. Reikningsendurskoðendur kosnir og hlutu þeir sömu kosninu aftur.
4. Lesið upp blad félagsins voru i því allgóðar greinar eftir ýmsa höfunda
5. Rætt um Skíðlugarð Gilslaugar. Voru allir félagar með einum hug um það, að koma gardinum upp á komandi vori, ekki með beinu peninga tillagi, heldur með vinnu. Sam-þykt var svohl. tillaga frá Helga á Hamri i þessa átt, dem hljóðaði svo: „Fundurinn samþykkir að hver karlmaður i félaginu gefi 1 dagsverk en konur ½ i vinnu eða peningum til að koma upp gardinum

Fundurinn fól formanni fjelagsins að flytja málið fyrir hreppsbúum á miðsvetrarfundi og vita hve mikið þeir vilja leggja til garðbygginga-innar; en ritara fjelagsins var falið á hendur að bera málið upp á fundi í fjelaginu „Vorr" og vita hvað það fjelag vildi leggja af mörkum til hins fyrirhugaða starfs

6. Rætt um sjóð fjelagsins, hvernig honum skuli varið ef fjelagið leysist upp. Fram komu 2. ákvæði til laga í þá átt og voru þær samþyktar, en ræðast skulu þær á næstafundi og samþyktjast þá aftur.

7. Rætt um að fá hús framvegis til fundarhalda kom fundurinn sér saman um að fá hús hjá Guðbrandi í Saurbæ ef hann vildi lána.

8. Rætt um að undirbúa heyskap á komandi sumri og kjósa nefnd í það mál, og var gömlu nefndin endurkosin

9. Skiðanefndin skýrði frá gjörðum sínum og kom með ítarlegar tillögur í þá átt, en málið

var ekki rætt að mun.

10. Fundurinn samþykti að senda Jónasi Jónassyni á Málastöðum, nokkrar krónur, í vinasendingu

11. Kosið í nefndir. Fundarst. til næsta fundar Jónanna á Reykjarhóli

Verkefnanefnd til næsta fundar
Jón Arngrímsson Valgerður Kristjánsson Gunnlaug Kristin

Fundar gjörð. lesinn upp og samþykt
Fundi slitið

Jóna Sigurðardóttir (fundarstýra)
Hannes Hannesson (fundarskrifari)

## II. Fundargerð

Sunnudaginn 14/3. 1920 var fundur haldinn í Ungmennafélagi Holtshrepps
Fundarstjóri Snorri Snorrason; ritari Hannes Hannesson.
Þessi mál voru lögð fyrir fundinn.

1. Lesin upp fundargerð frá síðasta fundi og samþykt
2. Lesið upp blað félagsins og skipað ritnefnd.
Í hana (ritnefndina) voru skipaðir Snorri Snorrason, Snæbjörn Hjálmarsson og Hannes Hannesson —
3. Laugarmálið. Ritari skýrði frá gjörðum sínum í þarfir félagsins laugarmálinu viðvíkjandi, og gat þess að alt stæði í sama þófinu frá hreppsins hálfu en félagið „Von" legði til dagsverk í garðinn 1. á hvern karlmann í félaginu. Sveinn Jónsson gaf þá skýringu frá oddvita að laugarstæðið fengist ekki keypt, en leigan mundi ekki verða aðgengileg. Snorri Jónsson gat þess að land til laugargarðsbyggingar væri ófáanlegt hjá Gilsbændum og yrði því að leita á náðir Hálakots með að fá land (eða efnið í garðinn) Samþykt var að senda tvo menn til að hrinda málinu í framkvæmd, ~~við~~ með oddvita. Til þess starfa voru tilnefndir Snorri Snorrason og Hannes Hannesson.
4. Heyskaparmál. Nefndin sem kosin var í það mál, var ekkert búin að gera eða ákveða, hvar og hvernig heyskap á næstkomandi sumri skyldi fyrir komið. En formaður félagsins skýrði frá því að Sveinn á Brunastöðum vildi lána félaginu 60 hesta blett til slægna mót 60 krónum, fáist ekki 60 hestar af þessum útmælda bletti þá bætir hann við blettinn, en fáist meira en 60 hestar skal þess ekki gæta hvað undir giftina snertir.
5. Húsbyggingarmál; Formaður fl. gat þess að Holtshreppur ætlaði að láta byggja fundarhús nú á næsta ári, og hvað hann það vel til fallið að Ungmennaf. legðu í húsbygginguna með þeim, vissa upphæð í eitt skifti fyrir öll; um málið urðu allmiklar umræður og skiftar skoðanir, að síðustu var samþykt svohljóðandi tillaga frá Snorra Snorrasyni:
„Fundurinn samþykkir að gera sveitafélaginu tilboð að leggja 1000,00 kr. þúsund krónur, til væntan

bygrar funda og skólahúsbyggingar, gegn því að félagið
hafi frí afnot af húsinu til sinna þarfa, án þess að
greiða fyrningargjald, eða annan viðhaldskostnað, en
borga skemdir ef framkoma af völdum fjelagsins
Og felur stjórninni að semja við hreppsnefndina
um þær kröfur sem félagið gerir fyrir sig í framtíðinni
6. Skemtun. Fundurinn kom sér saman um að hafa
danssamkomu á annan í páskum og fá hús hjá
Kristjáni á Stórubrekku, 3. félögum var falið á hendur
að annast allar framkvæmdir í þessu máli, og var 1. til
vara ef einhver hinna gengi úr skaptinu
7. Skíðamál; Í þessu máli var til nefnd, sem
hafði starfað og undirbúið málið og bar hún fram tillögur
sínar. Um málið urðu allmiklar umræður og
skiftar skoðanir, að síðustu var samþykt svohljóðandi tillaga frá Snorra Snorrasyni:
Fundurinn samþykkir að hafa skíðahlaup
og veitir verðlaun fyrir að skarafram úr í listinni:
Verðlaunin skulu vera: Fimtíeyringur með áletrun:
Fyrir skíðahlaup ártal og fangamark félagsins
Verðlaunapeningurinn skal vera eign sigurvegara

8. Kosið í nefndir: Í nefnd til að dæma um skíðahlaupið Snorri Snorrason, Jón Jóakimsson og Jóna Kristinsd.
Í heyskaparnefnd var kosinn Hannes Hannesson
í stað Árna Kristjánssonar, sem fór á skip.
Dagskrá nefnd sú sama
Fundarstýra til næstafundar Áslaug Guðmundsd.
Fundargerð samþykt
Fundi slitið
Snorri Snorrason (fundarstjóri)
Hannes Hannesson (fundarritari)

## 12 Fundargerð

15/8 – 1920 var fundur haldin í Ungmenna fél. Holtshrepps
að ~~Neðraholti~~ Brúnastöðum, að við stöddum meiri hluta félags-
manna Fundarstj. Snorri Snorrason setti fundinn og nefndi
til ritara Hannes Hannesson. Þetta var tekið fyrir á fundinum
1 Rætt um heyskap. Hvar og hvernig honum skyldi hagað,
og hvenær skyldi byrja – Formaður f. skýrði frá því að
blettur sá, sem félagið átti lofaðan hjá Sveini á Brúnastöð
væri svo graslítill að óvíst væri að það borgaði sig að slá hann,
leist nú félaginu ekki á blikuna, og þótti óvanlega horfa –
Þá skýrði Árni í Lambanesi frá því að pabbi sinn mundi
lána félaginu blett til slægna móti sanngjarnri undir gift,
eða svo undir hestinn heybundin. Félaginu þótti þetta meira en
en kostaboð, sem líka var, og vóru allir með einum hug
að sæta þessu, en fá framlenginguna á blettinum hjá Sveini.
Fórðist nú félagið á stúfana og knúði á náðar dyr Sveins (sem aðeins
aldrei lukust upp) um að fá blettinn fram lengdan, en Sveinn
þver neitaði, kvað hann þetta fast bundinn samning verið hafa
og því ófáanlegan, og mætti félagið borga kr. 60,00 hvort það
slægi nokkuð eða ekki neitt. Urðu nú félagar enn á milli steins og

sleggju, en skutust undan högginu á Sveins hlið, eða með öðrum
orðum, á kváðu að heyja í Sveins landi þó lélegt væri heldur en að
borga kr. 60,00 fyrir ekki neitt. Þá var ákveðið að byrja heyskapinn
22. Ágúst skyldi liðinu skift í 3. fl. 1 Slá og raka 2. fl. þurka
3. fl. binda Forungi 1. fl. kjörinn Þorbjörn Hjálmarsson Flokksfor-
2. fl. Guðm., en fyrir 3. fl. já (Guð og sankti Pétur)
2 Talað var um, að þeir sem skulduðu félaginu dagsverk
og fluttir væru burtu yrði að borga þau, karlm. kr. 10,00 en
konan kr. 5,00 fyrir dagsverkið, og var gjaldkera falið á hendur
að innheimta. 3 Talað um laugargarðinn. Nokkrir áttu eftir
að vinna við laugargarðinn og lofuðu þeir að vinna það hið fyrsta
4 Fundurinn samþykkti að senda Guðm. á Þrasastöðum 15,00 krónur
fyrir dag þann er hann vann hjá félaginu í Laugargarðinum
5 Ákveðið var að félagar skyldu fara skemti för eitthvað fram
til fjalla að af loknum heyskap. Var kosin þriggja manna nefnd
til að annast um að útvega kaffi sykur rót og fl. en fremur
diska, potta skeiðar og bollapör, því drekka skyldi kaffi á sleitulaust
en brauð nesta með kaffinu skyldi hver hafa heiman að með sér. Í nefnd
þessa vóru kosnir Snorri Snorrason Árni Kristjánsson og Hannes Hannes.
Fleira kom ekki til umræðu.

Þess má geta að fundar gerð var engin til, frá síðasta fundi ritari hennar var fluttur úr sveitinni og tók hana með sér til endur minningar. Fundi slitið

Snorri Snorrason (fundarstj)
Hannes Hannesson (fundar ritari)

# 13 Fundargjörð

dag 24 Október 1920 var (árs) Ungmennaf. Holtshreppinga haldinn á Hamri Fundarstj vara formaður Guðn Ben (vegna fjar veru aðal formans Snorra Snorrasonar) og setti hann fundinn og nefndi til fundarstj Árna Kristjánsson Þessi mál vóru tekin fyrir á fundinum. I Rætt um heysölu felagsins frá fyrra ári, og kom þar fram að kaupendur vildu fá afslátt á heyinu, fyrir skemdir sem fram höfðu komið í því En vegna þess að kaupendur vóru ekki mættir á fundinum og enginn fyrir þeirra hönd, var sú á kvörðun tekin, að boða kaupendur heysins á næsta fund, til skrafs og ráða gerðar II Rætt um sölu á nú eigandi heyi felagsins og eftir all miklar umræður, var kosin 3ja manna nefnd til að annast um sölu á heyinu, og hlutu kosningu þessir Hannes Hannes. Árni Kristj og Sveinn Jónsson, Þó skildi þessi nefnd ekki selja heyið að svo stöddu ef ekki fengist að minsta kosti 8 kr. fyrir hvern hest III Lesin upp lög felagsins og um leið tekin í felagið Hartmann Pálsson 4 kosið í stjórn felag. og hlutu kosn. þessir form. Hannes H. Ritari Guðn Ben. Gjaldk. Sveinn Jónsson Vara form. var enginn til nefndur vegna þess að H H. sem kosin var form. var ekki mættur á fundinum en vara ritari Jóna Sigurðard vara gjaldk. Ingimar Ólafss. Endur skoðendur reikninganna Helgi Kr og Guðbjörg Jónsd. 5 Fundargjörð frá síðasta fund lesin upp og samþykt, þar næst var fundar m. þakkað fyrir fjörugar umræður og fundi slitið Árni Kristjánsson (fund. rit.) Guðn Ben (fundarstj)

# 14 Fundargjörð

21-11 1920 Bar að halda fund í Ungmenn fél. Holtshreppinga, en sökum þess að
svo fáir komu var ekki hægt að halda lögmætan fund.— En nauðsyn bar til
og svo fór hér, á þessum fundi átti að ræða og gera út um afslátt á heyfúlgunni marg
umræddu. Form. hafði stefnt hlutaðeigendum á fund til að ræða málið með
sátt og samlyndi og koma sættum á — en þegar til kom sendir annar máls-
aðili bréf til fundarins (það var Sigurjón) og eftir því bréfi að dæma vildi hann
engum sættum taka af Ungm. félögunum heldur aðeins halda sig við sitt sjálf-
dæmi,— sökum þessa bréfs var skotið á fundi og teknar á hvarðanir um hvað gera
skyldi, og kom fundarinn sér saman um að senda þyrverandi form. bréfið
og láta hann hafa allan veg og vanda af sínum gjörðum.— Hinn málsaðili
Sveinn í Brúnastöðum kom á fundinn, og beiddist að fá lánað það fé fram yfir nýár,
sem ungm. felagið átti hjá honum, og var það samþykt, en borga skyldi hann
sparisjóðsvexti af láninu, einig gat Sveinn þess, að þeir kaupendur
heysins hefðu átt að borga vexti af láninu frá í fyrra, og hvaðst hann mundu
borga þá. Samþykt var að hafa fund eftir hálfan mánuð.

Form. bauð Sveini kaup á heyi því er ungm. felagar nú ættu kvaðst
hann ekki geta sagt um það að svo stöddu, og ekki þó eftir að sér yrði gert
aðvart áður fúlgan yrði seld.

Hanni 21/11 1920 Hannes Hannesson

# 15 Fundargjörð

Sunnudag 12/12 1920 Hélt Ungmenna fél. fund að Minnaholti. Úr fram
sögu nefnd voru þeir mættir Guðfinna Pálsdóttir og Áslaug Guðmdóttir og
kom sú spurning frá Guðfinnu, að vegna húsnæðis leisis félagsins stæðu.
Fanst henni það á færi að hafa ekki sama stað fyrir fundi, og voru dá litlar
umræður um það, svo var samþykt að hafa þá eins og verið hefði sitt á
hverjum stað, það voru svo fáir efti. Fundargjörð frá síðasta fundi lesin
upp og samþykt.— Frá farin gjaldkeri lagði fram reikninga fyrir síðast
liðið ár á endurskoðaða. Rit nefndin kom með blaðið en hafði ekkert
skrifað í það, og talaði form. um að þyrfti að lífga blaðið við.— Svo í
rit nefd voru kosnir Árni Kr. Hannes Hannes Sveinn Jónsson.
Rætt var um að þyrfti að reyna að koma á skemtun, voru mjög skiftar
skoðanir um fyrirkomu lagá henni, svo það kom til laga frá Árna Kr
að besta væri að kjósa nefnd, og láta hana sjá um það að öllu leyti, voru
þessir kosnir Hannes Árni Helgi Jóna Kristins Jóna Sigurðard.
Í dagskr. nefd Sófanías Jónsson Hallgrím Bogason. Nýir felagar
Guðbjörg Kristinsdóttir, Fundarstj til næsta fundar Árni Kristjánsson
Fundi slitið

Jóna Sigurdardóttir (fundar skrifari)

# 16. Fundargjörð.

Sunnud. 16-1 1911. Var fundur haldinn í Ungmennafél. Holtshr. að Brúnastöðum. Fundarstj. Árni Kristjánsson og til nefndi hann fundarskrifara Svein Jónsson. Þessi Mál voru til meðferðar á fundinum

I Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt.

II Lesið upp blað félagsins af nefndarm. Hanneri, voru í því all margar ritgerðir eftir ýmsa höfunda. – Enn fremur las formaður upp bréf frá Snorra Snorrasyni til Ungm. fél. þar sem hann óskar félögunum Gleðilegs Nýárs, og hamingjunni í framtíðinni

III Að hverju stefna framkvæmdir félagsins? Framsögum. Zóphónías Formaður svaraði: hvað brautarlagninguna vera það eina, sem félagið gæti lagst í að sinni. – Aðrir töldu hús byggjinguna nauðsynlegri; var mikið um það rætt og virtist við komið, vildu margir gefa dagsverk til vegalagningar, en fresta hús byggjingunni, hvörtu vera ónógt fé til þess að hrinda því máli í framkvæmd að sinni. Rætt var um að leita styrks úr sýslusjóði í samráði við bændur jafnframt heyra undirtektir og til lagningu þeirra í þessu máli. Í sambandi við þetta kom tillaga frá fundarstj. svo hljóðandi: Fundurinn samþykkir að fela formanni Hanneri að bera málið undir miðsvetrar fund, tillagan samþykt málinu vísað til næsta fundar

4 Hvernig á að verja sjóði félgsins ef það bysist upp? Fram sögum. Hallgr. Bogason. Formaður hvað á kveði vera í lögum félagsins um hvernig honum skildi varið, en til nánari útskýringar, las hann upp greinir félags laganna er á kveða um sjóð þess

5 Söngur frammælandi Áslaug, vildi að Ungm. fél. stofnaði til söng æfinga í vetur, er það í annað sinn, sem því máli hefur verið hreyft á fundi, og hvaa skifti fengið litlar undir tektir, engin veið talin hæfur til þess hér í sveit að kenna söng, var málið eftir stuttar umræður tekið út af dagskrá

6 Tilboð kom frá Sveini Arngríms. að lána félaginu hús til fundarhald og tveggja skemtana á ári fyrir 500,00 kr. sem meiri hluti upphæðarinnar skildi borgast fyrir fram. Var mikið rætt um málið, og vildu flestir ganga að því eftir tíminn yrði styttur. Var Sveinn kallaður inn á fundinn og farið fram á að hann leigði félaginu hús til 5 ára og var hann fús til þess var málið síðan borið undir atkvæði vóru flestir með því. Málinu vísað til næsta fundar til fullnaðar úr skurðar

7 Skemti nefndin skýrði frá því gjörðum sínum við víkjandi skemtuninni á Brúnast. hafði hún útvegað mann til að halda fyrir lestur og annan til þess að flytja kvæði, en vegna þess að húsið sem halda átti skemtunina í var ekki alveg full smíðað kaus fundurinn Helga á Hamri til að á kveða hve nær skemtuninni skildi vera þegar húsið væri til

8 Formaður bar það upp á fundinum hvort Ungmenna fél. vildi ekki senda Kristni Ásgrímssyni á Hamri, sem væri að tapa sjóninni og ætlaði til Reykjavíkur að reyna að fá bót við því, nokkrar krónur lagði hann til að félagið sendi á góða af skemtuninni í Stóra holti og hinni fyrir hugaðu skemtun á Brúna stöðum. Var það samþykkt í einu hljóði og voru honum sendar af fundinum 35,00 k.
9 Lesin upp úrsögn Jónu Kristinsd. úr félaginu
10 Skipaði í nefndir í Framsögun. Snorri Jónsson Ólafur Arngrímsson Hannes H. Ritn. Hannes H. Guðbjörg Jónsd. Jóna Sigurðard.
Fleiri mál ekki til umræðu á fundinum: Fundar stj þakkaði mönnum góðar umræður

Fundi slitið
Árni Kristjánsson (fundarstjóri)
Sveinn Jónsson (fundar skrifari)

## 17 Fundargjörð

Sunnud. 6 Febrúar 1921 Var fundur haldinn í Ungm. fél. Holts hr. á Sambanesi Fundarstj Zóphonías Jónasson og nefndi hann skrifara Guðm. Ben. Þessi mál voru tekin fyrir á fundinum
I Lesin upp Fundargjörð frá síðasta fundi og samþykkt í einu hljóði
II Lesið upp blað félagsins og var í því mikið af ait gerðum í bundnu sem óbundnu máli, var það góð skemtun
III Rætt um fundar hús framvegis. Komið hafði til orða að Ungm. fél. fengi hús hjá Sveini Arngrímssyni á Brúnastöðum til 10 ára, eins og fundargjörð frá síðasta fundi bendir til. — Enn milli tíðinni hafði formaður átt tal við Svein, og fengið breytt samningum, þannig að leiga tíminn yrði til 5 ára og félagar lausir við húsið ef þeir byggja, eða hreppurinn, og félagar taka þátt í byggingunni. Tilboð kom frá Kristjáni í Stóra Brekku að lána félaginu hús til 3ja ára gegn 40,00 fyrir fram greiðslu á ári. Var málið rætt og borið undir atkvæði, hvort félagið fengi hús hjá Sveini eða Kristjáni. Og var samþykkt með meiri hluta atk. að fá húsið hjá Sveini. — Og stjórninni falið að gjöra samning við Svein sem hún gjörði þá þegar, var hann upp lesinn á fundinum, og samþyktur með öllum atkvæðum
IV Guðfinna Pálsdóttir bar upp það mál efni, að haldin yrði iðnaðar sýning í Ungm. fél. þetta mál ið gjörðar undir tektir, og var samþykt af meiri hluta á fundinum í hvað að það yrði að liggja fyrir næsta fundi. Fast á kvörðun var tekin um það að sýningun

ekki orðið fyr en á næsta ári V Rætt var um hvort felagið tæki samstið að sér, var
da litið um það skrafað fram og aftur, en ekki tekin nein fast á kvörðun
og málinu vísað til næsta fundar
VI Vega mál litið rætt vísað til næsta fundar VII Sveinn Jónsson á Reykjarhóli
kom með til boð frá Þorláki á Gautastöðum, að hann skuldi hanna Ungm. fel. söng
í Stóra holti gegn 35 aurum á kl tíman fyrir manni, en fer heiman á Gautastöð
fyrir 25 au. Málið var rætt og Sveini á Reykjarhóli falið að fá hús og hljóðfæri í
Stóra holti. Fleiri mál vóru ekki rædd, Kosið í nefndir. Ritn. Jóna Holti
Ingi Holti Guðm Ben Framsögum. Ólafur Arngrímsson
Fundarstj þakkaði mönnum fjörugar umræður og sagði fundi slitið

Kjófónías Jónasson (fundarstj)

Guðm Benediktsson (fundarskrifari)

# 18 Fundargjörð

Sunnudag 17 júlí 1921 Hafði Ungm. felag fund að Brúnastöðum
Það sem tekið var fyrir á fundinum voru þessi mál.
1. Fundargjörð síðasta fundar lesin
2. H.H. skýrði frá gjörðum nefndarinnar sem kosin var til að íhuga hvernig
hentast væri að afla felaginu tekna á þessu sumri, og vísaði málinu til
umræðu fundarins. Eftir talsverðar umræður urðu úrslitin þessi:
að Karlmaður greiddi í sjóð felags. í haust 6 kr. sem í ársgjald, en kvenmaður
maður og unglingar innan 16 ára aldurs 4 kr. sem með ars gjald
3 Samþ. til í sumar, eftir umræður samþykkt að fara eitthvað helst fram
á heiði eða Flengjudal Hannes H bar fram svo hljóðandi tillögu
Fundurinn samþykkir að fara skemtiferð fram á heiði í 15. viku
sumars eða hinn fyrsta dag úr því. Samþykkt till með öllum
greiddum atkv. Fleira var ekki tekið til umræðu
Fundi slitið

Hannes Hannesson (fundarstj.)

Snorri Snorrason (fundarskrifari)

# 19 Fundargjörð

10 april árið 1921 var fundur haldinn í Ungmennafél. að Brúnastöðum
Fundarstj. Guðfinna Pálsdóttir. ritari Hannes Hannesson. ritari frá síðasta fundi var ekki mættur, þegar fundur var settur; einnig lét ritnefndin ekkert til sín heyra
þetta var tekið fyrir á fundinum

1 Skíðaferðir. framsögumaður Snorri Jónsson, byrjaði fyrir mönnum að iðka og æfa skíða hlaup, meira en hefði verið gert.
allmikið var rætt um þetta mál, og urðu allir sammála um það hvílíka nauðsyn bæri til að hafa vakandi auga fyrir skíða íþróttinni. var svo það mál tekið út af dagskrá án frekari ráðstafana af fundarins hálfu

2 Sundmál. framsögumaður H. Hannesson. allmiklar umræður urðu um málið, og kom fundurinn sér saman um að fela formanni fél. að reyna að komast að samningi. við Vorsafél um að taka að sér sundið framvegis ásamt með ungmennafélögum

3 Lesin upp fundargjörð síðasta fundar. ritari frá síðasta fundi var nú kominn og lagði fundar-gjörðina fyrir fundinn, eftir nokkrar athugasemdir var hún samþykkt.

4 Fundurinn ákvað að senda Mimagrindils hjónunum krans á kistu barnanna þeirra í Sambriggðarskini.

5 Kosið í nefndir Ritnefnd sú sama. Fundarstjóri til næsta fundar Guðbjörg Kristinsdóttir

Framsögunefnd. Hannes Hannesson, Sveinn Jónsson og Jón Arngrímsson
Formaður fél. talaði við Svein Arngrímsson um samning þann, er félagið gerði við hann um leigu-mála, á húsinu, og komst samkomulag á það að félagið taki húsið á leigu þann dag sem samningurinn var undirskrifaður, en gat þess um leið að slíkt væri skaði fyrir fél. en ekki sig
Þá var ekki fleira rætt, og fundi slitið.

Guðfinna Pálsdóttir (fundarstjóri)

Hannes Hannesson (fundarskrifari)

## 20 Fundargjörð

Sunnudaginn 23 Októbe 1921

Hjelt ungmennafelagið fund að Brúnastöðum (Aðalfund)
þetta var tekið fyrir

1 Formaður skýrði frá störfum felagsins síðast liðið ár og mintist hann meðal annars á hvort felags-menn vildu starfrækja sundið frammvegis og varð sá endir á því máli eftir nokkrar umræður að því var frestað

2 Lagðir fram reykningar felagsins og samþiktir

3 Beiðni kom frá formanni felagsins Hannesi Hannessyni um að fá lánaða ynnkomna peninga felagsins á árinu að uppheð = 148,88 hundrað fjörutíu og átta krónur 88 aurar gegn rentum og tryggingu, og var honum veitt það með atkvæði meiri hluta fundar manna

4 Talað um að reina að selja tréð það sem felagið á og samþikt. að selja það þó lágt sem verð heldur en liggja með það

5 Framhaldsmál framsögum. Hannes Hannesson talað um skemtanir og samþikt að kjósa skemti nefnd og hlutu kosningu Hannes Hannesson Jón Jóakimsson Sveinn Jónsson Soffonías Jónasson Jóna Sigurðardóttir

6 Kosin stjórn felagsins. Formaður Hannes Hannesson ritari Árni Kristjánsson gjaldkeri Sveinn Jónsson og varastjórn Jón Joakimsson formaður Ingimar Ólafsson gjaldk Jóna Sigurðardóttir ritari
til að endur skoða reikninga felagsins voru kosnar Guðfinna Pálsdóttir og Jóna Sigurðardóttir
í skíðanefnd voru kosnir Jón Joakimsson Soffonías Jónasson Jón Arngrímsson Sveinn Jónsson Ingimar J Ólafsson
í dagskránefnd Hannes Hannesson Árni Kristjánsson Gunnar Björnsson
Ritnefnd Hannes H. Sveinn J. og Jón Jóakimsson
Funda stjóri til næsta funda Ingimar Ólafsson
Gekk í felagið Ásvaldur Pálsson
Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið

Hannes Hannesson (fundarstjóri)

Jóna Sigurðardóttir (funda skrifari)

## 21 Fundargjörð

Dag 21 Nóv. 1921 hélt ungmennafelag Holtshreppinga fund að Brúnastöðum, fundar-stjóri Ingimar Ólafsson skrifari H. H.
Þetta var tekið fyrir á fundinum
1 mál lesin upp fundar gjörð frá síðasta fundi og samþikt
2 Slóðaskapur framsögu maður H. H. talaði um sloglega frammistöðu ritnefndar og lofaði bót og betrun því hann var einn í ritnefndinni
einnig kom til tals um vega mál en var þá engin ákvörðun tekin í því máli
3 Formaður skýrði frá því að Snæbjörn Hjálmarsson hefði keypt hey ungmennafelags og las Sveinn Jónsson upp samning sölunni viðvíkjandi og létu fundar menn ánægju sína í ljósi yfir heysölunni.
4 Skýrða mál Sveinn Jónsson lagði þá spurningu fyrir fundar hvort skýrsla nefnd hefði alræðisvald í gjörðum sínum svar hún er bundin vilja og úrskurði meiri hluta fél. manna
5 kosið í nefndir ritnefnd sú sama
Dagskránefnd Ása G. Guðfinna P. Hannes H.
fundar stjóri til næsta fundar var kosinn Árni Kristjánsson
6 Gengu í felagið Þóra Pálsdóttir Hallfriður Pálsdóttir og Soffía Gunnlaugsdóttir
Fleira kom ekki til umræðu á fundinum og var fundi slitið

Ingimar Ólafsson (fundar stjóri)

Hannes Hannesson (fundar skrifari)

## 22 Fundargjörð

Sunnudaginn 19 febr. 1922 var fundur haldinn í ungmennafélaginu að Brúnastöðum. Fundarstjóri var Árni Kristjánsson og nefndi hann til skrifara Svein Jónsson. Þessi mál voru svo tekin fyrir.
1 lesið upp (fundargjörð frá) blað felagsins af Árna Kristjánssyni og voru í því nokkrar greinar all skemmtilegar, og varð ein grein með fyrirsögninni Ferðasaga aðal umræðu efni manna, og voru mjög skiptar skoðanir manna um hvort sú grein skildi standa áfram í blaðinu kom þá fram tillaga frá ritara blaðsins fundarins svo hljóðandi
Fundurinn skorar á ritnefnd 9 tölublaðs bitins að

strika út greinina með fyrir sögninni Ferða saga
þar sem fundurinn telur koma fara fram úr þeim takmörkum
sem ritlög blaðsins mæla fyrir.
tillagan var samþykkt með miklum meiri hluta fundarmanna
Ennfremur var talaðum að blaðið kæmi ekki út á næsta fundi
og ný ritnefnd ekki kosin vegna þess.
2 lesin upp úrsögn frá Ólafi Arngrímssyni úr félaginu og fylgdi
henni vottorð frá gjaldkera um að úrsegjandi væri skuldlaus
við félagið.
3 Vega-mál framsögumaður Baldvin Kristinsson fékk það
mál daufar undirtektir og var eftir stuttar umræður tekið
út af dagskrá.
4 Kosið í nefndir. Í dagskránefnd Sofonías Jónasson Björn
Stefánsson og Sveinn Jónsson Fundarstjóri næsta fundar
Jón Joakimsson
Fleira kom ekki til umræðu á fundinum og var því fundi
slitið

Árni Kristjánsson (Fundar stjóri)

Sveinn Jónsson Fundar skrifari

## 23 Fundargjörð

Sunnudaginn 16 Júlí 1922 Hélt ungmennafélagið fund að Brúnastöðum
Fundar-stjóri var Jóna Sigurðardóttir og nefndi hún til skrifara Hannes H-
þetta var svo tekið fyrir á fundinum.
1. Rætt um hina fyrirhuguðu skemti för ungmennafél. var ákveðið að fara
gangandi á Höfðabóla sunnudaginn í 15 du viku sumars, ef veður leifði, annars
hvern sunnudag er þar. Ákveðið var að hver skildi annast fyrir sig
það er að ferðinni liti, nema kaffi. það skildi Árni Kristjánsson
sjá um eins og að undanförnu.
Fundurinn þreifði skatti þeim er félagar hyggja að leggja á sig
til að auðga félagið, en af því fundurinn var svo illa sóttur varð
ekkert endilegt með fram skatt, svo ákveðið var að það mál
skildi bíða næsta fundar.
Fleira kom ekki til umræðu og fundi slitið.

Jóna Sigurðardóttir (fundarstjóri)

Hannes Hannesson (fundar ritari)

# 24 Fundargjörð

Sunnudaginn 23/7 var fundur haldinn í ungmennafél. að Brúnastöðum. Fundarstjóri var kosinn Valgarður Kristjánsson og tilnefndi hann fundarskrifara Svein Jónsson. Mál sem lagu fyrir og rædd voru á fundinum voru þessi.

I lesin upp fundargerð frá síðasta fundi, og samþikt.

II Rætt um tvenn fyrirhugaða skatt felagsins. Kom tillaga frá Jóni Sigd. að felagið verði skattinum til steinkkar þeim eftir sem mistu menn sína í sjóin siðast liðið vor. Var málið talvert rætt, og samþikt að verja skattinum til þeirra í hvoru sem þeim mundi betur koma, vinnu eða peningum. Vegna þess að fundarmenn voru ekki sammála um hvort þeim væri heppilegra vinna eða peningar var kosin þriggja manna nefnd til að athuga málið og hafa framkvæmdir á því að öllu leiti, í þessa nefnd til-nefndi fundarstj. Jóni Sigurðsd. Soffonías Jónasson og Svein Jónsson samþikt var að skatturinn yrði gefin og í fyrra ef bogoður yrði í peningum.

III Lánveiting Framsögumaður Soffonías J. Páll Jónsson bóndi á Illugastöðum fór þess á leit við fundinn að felagið lánaði sér Kr. 200,00 Tvö hundruð krónur sem það átti hjá Jóni G. Jónssini í Tungu gegn tryggingu hjá sér. Fundurinn samþikti eftir nokkrar umræður að veita Páli lánið gegn þeim boganar skilmálum og tryggingu sem stjórn fél. tæki gilda

IIII mál skemti-ferð felagsins var til umræðu á síðasta fundi (Felagsmenn) og samþiktu felagsmenn að fara ynnað Höfðahólum á sunnudaginn í 15 viku sumars. fundurinn ákvað en fremur að málið skyldi rætt á næsta fundi, til fullnaðar úrslita Fundurinn ákvað eftir nokkrar umræður að fara fram í Stíflu á Lákeið, eins og undan farin sumur og töldu fundarmenn of langa ferð fyrir hestana ynnefti og dagur mundi tæpast endast til þeirra ferðar. Enn fremur var ákveðið að fresta ferðinni til sunnudagsins í 16 viku sumars.

Fleira kom ekki til umræðu á fundinum og fundi slitið

Sveinn Jónsson (fundarskrifari)

Valgarður Kristjánsson (fundarstjóri)

# 25 Fundargerð Aðalfundur 1922

Sunnudaginn fyrstan í vetri, helt ungmennafélagið aðalfund sinn að Brimnastöðum. Fundarstjóri var Hannes Hannesson og fundarskrifari Árni Kristjánsson

Mættir voru á fundinum flestir félagsmenn. Þessi mál voru svo tekin til umræðu

I lesin upp lög félagsins og samþykt fram að 12 gr. var samþykktur viðauki við hana þannig hljóðandi

Þeir félagsm. sem segja sig úr félaginu á tímabilinu frá aðalfundi að áramótum séu fríir við ársgjöld

Voru svo lögin öll upplesin og samþykt.

II Lagðir fram reikningar félagsins endur skoðaðir og samþyktir

III lesið upp blað félagsins

IV Lesin upp ~~blað félagsins~~ fundargerð frá síðasta fundi og samþykt

V Kosin ~~stjórn~~ félagsins til næsta árs Formaður H.H. kosin með 10 atkvæðum ritari Á. K. kosin með 12 atkvæðum gjaldkeri Sveinn Jónsson Kosin með 12 atkvæðum Vara stjórn var kosin Form. Baldvin K. ritari Jóna S. gjaldkeri Ingimar Ó

6 Fátækra mál, urðu litlar umræður um það og ekkert samþykt í því máli

7 úrsögn lesin upp frá Soffíu Gunnlaugsdóttir.

8. Kosin skemtinefnd til ársins Formaður Baldvin K. Jóna S. Guðfinna P Valgarður K. Guðbjörg J.

9 Kosin ritnefnd Á.K. S.J. og H.H. dagskrárnefnd J. Sigurðsd. Hallfreður P

10 og Ingimar Ólafsson

Fundarstjóri til næsta fundar var tilnefndur Sveinn Jónsson

Tekin var í félagið Guðrún Pétursdóttir

Fleira kom ekki til umræðu á fundinum og fundi slitið

Árni Kristjánsson (fundarskrifari)

Hannes Hannesson (fundarstjóri)

# 26 Fundargerð

Sunnudaginn 26 Nov. var síðast haldinn fundur í ungmennafél. Hofshrepppinga Fundarstjóri var Sveinn Jónsson og nefndi hann til skrifara Árna Kristjánsson mættir voru á fundinum meiri hluti félagsmanna

Þessi mál voru svo tekin fyrir.

I Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt.

II Lesið upp blað félagsins af Hannesi H. og var þar ritgerð með fyrirsögninni heilabrot eftir H.H. og drap höfundur á í liðri grein að félagið ætti að fá sér Spunavél, og fékk Snorri Snorrason greinina fyrst til umræðu og var andvíg með því að félagið fengi sér spunavél, og var mikið rætt um það mál

aftur á bak og áfram, og var meiri partur fundarmanna málinu fylgjandi
Kom fram tillaga frá Snorra Snorrasini þannig hljóðandi
Fundurinn samþykkir að félagið kaupi spunavél það fyrsta og felur nefnd framkvæmdir málsins. málið skal rætt á 2 næstu fundum. tillagan samþykt
þar næst var kosin nefnd í málið og hlutu kosningu þessir Hannes H og Arnfríður og Jóna Sigurðardóttir
III Skemtinefndar mál, þar er skemtinefnd falið að koma með ákveðna tillögur um skemtun á jólunum
IIII dagskrá nefnd var sú sama til næsta fundar að viðbættum Arnfríði Kristinsdóttir. Í ritnefnd voru tilnefndir H H Snorri S. og Jón Arngrims.
Tekin var í fél. Jón Pétursson og lesin upp úrsögn frá Hallgrími B.
Fundarstjóri til næsta fundar var tilnefndur Árni Kristjánsson
Fleira kom ekki til umræðu á fundinum og fundi slitið

Árni Kristjánsson (fundar skrifari)
Sveinn Jónsson (fundar stjóri)

# 27 Fundargerð

dag 10 Desember 1922 Hélt ungmennafél fund að Brúnastöðum að viðstöddum fjölda félagsmanna. Fundarstjóri var Árni Kristjánsson og nefndi hann til ritara Hannes H.

Þetta var svo tekið fyrir á fundinum

I Lesin upp fundargerð frá síðasta fundi og samþikt.
2 Spunavélarmál. Í mál þetta hafði verið skipuð nefnd, og lagði hún tillögur sínar fyrir fundinn, og var nefndar álit þetta tekið til rækilegrar athugunar og kom það í ljós að ~~nefndin~~ við umræðurnar nefndin hafði ekki gert nógu rækilegar athuganir og áætlanir, eins og æskilegt væri. var svo mikið rætt um málið, bæði með og mót. en að síðustu var samþykt svohljóðandi tillaga frá Hannesi H
Fundurinn samþikkir að taka málið til rækilegrar íhugunar á næsta fundi og ráða þá málinu til lykta nefndin hin sama og áður
3 Skemtinefnd lagði tillögur sínar fyrir fundinn. Hafði hún ákveðið að hafa skemtun á Ármann í jólum og skildi vera frí inngangur fyrir alla einnig skildi vera spil og tafl og fleira dagsetningunni þótti fundinum ekki til tekið að hafa skemtun þessa þann dag og ákvað að hafa hana á þriðja
4 Gjafa mál. Framsögu maður Baldvin Kr. Mál þetta var búið að leggja fyrir þrem fundum en hafði lítið verið rætt, vildi framsögu maður að félagið gæfi hjónum í sveitinni nokkrar krónur, um mál þetta urðu ekki mikklar umræður, sá fundurinn sér ekki fært að samþykkja gjöf þessa

þar ed felagid hefði litlu fé til að dreifa.
5 Lánbeiðing. Framsögumaður Hannes H. Páll Arngrímsson í Hvammi hafði beiðst þess að fá að láni upphæð þá sem felagið hefði handbæra af peningum bar Hannes upp beiðnina og lagði hana fyrir fundinn Og samþykkti fundurinn að lána Páli þetta fé mót tryggingu og fál gjaldkera að annast um það mál
6 skiftað í nefndir Framsögunefnda sú sama Fundarstjóri til næsta funda Guðmundur Ólafsson. Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið

Hannes Hannesson (fundarritari)

Árni Kristjánsson (fundarstjóri)

## 28 Fundargerð

Þann 7 janúar 1923 hjelt ungmennafelagið fund að Brúnastöðum Fundarstjóri var Guðm. Ólafsson, og nefndi hann til skrifara H. H. þetta var tekið fyrir á fundinum.

I Lesin upp fundargerð frá síðasta fundi og samþykt

II Formaður ritnefndar skýrði frá því að blaðið kæmi ekki út sökum þess að greinar hefðu engar komið.

III Hvernig geta menn best hagað sig áfram. framsögum. H. H. um þetta mál urðu engar umræður!

IIII Spunavélarmál í málinu var nefnd sem hafði starfað, og kom hún fram með tillögur sínar. En nefndin hafði klofnað í sumum atriðum

1 Tillagan hljóðaði svo Fundurinn samþykkir að leitað sé fyrir sér um verkefni hjá bændum áður en ráðist verður í véla kaupin. Tillagan feld með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

2 Tillaga hljóðar svo. Að sjóðeign felagsins verði ekki sagt upp fyr enn vissa sé fengin fyrir því að vélin verði keift tillagan samþikt með öllum greiddum atkvæðum

3ja Tillaga Að sendur sé maður ymist Bæ eða Kolkuós en ekki til Akureyrar. Tillagan var ekkert rædd og þar af leiðandi hvorki feld né samþikt.

4 Tillaga. Að fengið sé húspláss og gengið frá því hreinu áður en vélin verði keift um þessa tillögu urðu miklar umræður og skiftar skoðanir. var þá lesin upp tillaga frá Baldvin Jr. svo hljóðandi Fundurinn samþikkir að spunavélarmálinu verði ekki ráðið til lykta fyr en á næsta fundi. tillagan feld með öllum greiddum atkvæðum

þá kom fram önnur tillaga frá Hannesi H svo hljóðandi Fundurinn samþikkir að kaupa spunavélina svo framar=lega að viðunandi húspláss fáist tillagan samþikt með 11 gegn 10

atkvæðum. Þá var kosin 3ja manna nefnd til þess að fá húspláss og hlutu þessir kosningu Árni Kristjánsson með 13 atkv. Jóna Sigurðard. með 8 atkv. og Hannes Hannesson með 13 atkv.
5 Kosiði nefndir ritnefnd sú sama fundarstjóri til næsta fundar Valgarð Kristjánsson. Fleira kom ekki til umræðu á fundinum fundi slitið

Hannes Hannesson (fundarskrifari
Guðmundur Olafsson fundarstjóri

## 29 Fundargerð

Sunnudaginn 4 Febr. 1923 hélt ungmennafél. fund á Brúnastöðum. Fundarstjóri var Valgarður Kristjánss. og nefndi hann til skrifara Árna Kristjánsson. Á fundinum voru mættir 14 félagsmenn. Fyrsta mál á dagskrá var lesin upp fundargerð frá síðasta fundi og samþikt. II mál lesið upp blað félagsins III Spunavélamál. Nefnd sú sem kosin var í málið gat ekki lagt fram neinar ábyggi-legar upplýsingar
4 mál lesið upp bréf til Ungm. fél. frá Frímanni B. Arngríms.
5 tillaga kom frá formanni fél. að bætt væri grein í lögin þannig hljóðandi þau mál sem varða fél. mikið nái ekki fram að ganga nema 2/3 hlutar fél. manna greiði atkvæði með á löglegum fundi þar til heyra sérstaklega öll fjármál fél. bæði inná við og útá við. (tillagan samþikt)
6 Sökum vantrausts yfirlýsingar sem formaður fél. hefur fengið vegna framkomu hans í Spunavélarmálinu beiðist hann lausnar úr formanns-stöðu sinni en því var synjað með atkvæða greiðslu
7 Kosin ritnefnd. Árni Kristjánss. Sveinn Jónss. og Jón Arngríms. með málefni á dagskrá næst voru tilnefndir H.H. Guðm. H. og Jón Arngríms. Fundarstjóri til næsta fundar tilnefndur Jóna Sigurðardóttir

Fundi slitið

Árni Kristjánss. (fundarskrifari)
Valgarður Kristjánsson (fundar stj.)

## 30 Fundargerð

Sunnud. 4 mars 1923 hélt ungm. fél. fund að Brúnastöðum fundarstj. var Jóna Sigurðard. skrifari Jón Arngrímss. þessi mál voru svo tekin fyrir á fundinum
1 lesið upp blaðið
2 Að hverju stefnir fyrir þjóðfélaginu ef landbúnaðurinn eyði legst málið var dálítið rætt og svo tekið út af dagskrá

Framsögumaður málsins var Gunnl. Kristjánsson. Sjá mál Eggja ungmennfélagin í Samvinnungu að taka að sér lestrar félagið eða á að breyta því í hrepps bókasafn. Framsögumaður Jón Angrímss. lýsti því yfir að gæti bóka safnið ekki tekið til rækilegrar umbugsunar og því veittur bygging og viðgangur í framtíðinni svo væri það nú á næstunni algjörlega eitt lagt og væri það ylla farið.
málið var mikið rætt og varð sú niðurstaða vegna ýmsra annara mála skildi málinu frestað.
Fleyra kom ekki til umræðu á fundinum. Kosið í nefndir í útnefnd. Árni Kristjánss. Snorri Snorrass. og Valgarð Kristjánss.
Framsögum. Baldvin Kristinss. Guðbjörg Kristinsd. og Hannes Hanness.
Fundarstjóri næst Gunnl. Kristjánss.
Fundarstjóri þakkaði mönnum sína góðar umræður og fundi slitið

Jón Angrímsson (fundar skrifari)
Jóna Sigurðardóttir (fundar stjóri)

## 31 Fundargerð

Á Pálmasunnudag 25 mars 1923 var fundur haldinn í Ungmfél. Holtshrepps. Fundarstj. var Gunnl. Kristjánss. Skrifari Snorri S. Þessi mál voru tekin fyrir á fundinum 1 lesnar upp 2 gamlar fundargerðir og samþiktar óbreittar 2 bréf lesin upp

3 Lesið bréf frá Oddvita Holtshrepps þess efnis að Ungm. fél. taki að sér alla umsjón á Sundkenslu í hreppnum. Þess var getið að hreppsnefnd hefði þegar ráðið Pál Jónsson til að kenna 10 daga í vor og gæti ungmfél. efa laust gengið í þá samninga.
málið var rætt frá ýmsum hliðum og síðast samþikt svo hljóðandi til-laga frá Snorra Snorrassyni. Fundurinn samþykkir að gera hreppsnefndinni tilboð, að Ungm. fél. taki að sér alla umsjón sundsins, með því móti að hreppurinn greiði hálfan starfrækslu kostnað að frá dregnum sýslusjóðsstirk.
4 Skemtinefnd skýrði frá gerðum sínum, hún hafði undirbúið skemtun á annan dag páska, fengið Jóhannes Friðbjarnarson til að halda fyrir lestur og Snorra Snorrass til að lesa upp, ákveðið inngang 0,75 kr. fyrir fullorðna en 0,50 fyrir börn.
Kosin var nefnd til þess að sjá um veitingar Árni Kristjáns. V. Kristjánss J. Sigurðardóttir Arnfr. Kristinsd. og Ása Guðmundsd. með öllum greiddum atkvæðum
5 Spunavélanefndin skýrði frá tilboðum sem henni höfðu borist um húsnæði fyrir vélina Kristján í Brekku vildi lána hús fyrir 50 – 60 kr. um árið, ljós og hiti skyldi greiðast eftir mati. Einar á Hraunum vildi lána hús fyrir að fá að spinna

Eitthvað ótakmarkað fyrir sig, málið tölurert rætt. Samþykt tillaga frá Hannesi Hannessyni þess efnis að hafna öllum tilboðum sem komið höfðu um húsnæði fyrir vélina.
6 H. H. hreyfði því hvort félagar ætluðu ekki að heyja á komandi sumri, og væru allir því fylgjandi sem á fundinum voru þótt nokkrir segðust ekki geta unnið, og vildu því heldur borga dagsverkið, kom það fram að félagið mundi fá engi með góðum kjörum.
Kosin var heyskaparnefnd Valgarð Kristjánss Árni Kristjón. Hannes Hannesson Jóna Sigurðardóttir og Amfríður Kristinsd.
Framsögunefnd. Guðbjörg Kristinsd Baldvin Kristjánsson og Snorri S.
Rýfnefnd. Guðbjörg Kristinsd Jóna Sigurðardóttir og Amfríður Kristinsdóttir Fundarstjóri næst Hartmann Pálsson

Fundi slitið

Snorri Snorrason (fundarskrifari)
Gunnl Kristjánsson (fundarstjóri

32 Fundargjörð Árið 1923

Dag 29 april var fundur haldinn að Brimnesstöðum
Fundarstj. Hartmann Pálsson skrifari Valgarður Kristjánsson
Mál sem rædd voru á fundinum voru þessi
1 Lesin upp fundargerð frá síðasta fundi, og samþykt
2 Álit heiskaparnefndarinnar. verð á dagsverki ákvað nefndin 7. kr. fyrir karlmann en 4. kr fyrir kvenmann. Vinnutími 10 tíma frá kl. 8–8. Engi hefir nefndin fengið í Lambanesi, sem liggur efst í Kotatungu, með þessum kjörum, að greiða 40 aura undir hestinn setja heyið saman í gamalt fulgu stæði sem þar er nálægt nefndin flakkar suður til vinnu, og ákvað að hafa 3 flekka og nokkur dagsverk til vara
3 Sundið málið mikið rætt og svo hljóðandi tillaga samþikt í annað sinn. Fundurinn samþikkir að gera hreppnum tilboð að fél. taki að sér alla umsjón sundsins með því móti að hreppurinn ~~tatt~~ greiði hálfan starfrækslu kostnað að frádregnum sýslusjóðs-styrk og var Snorra Snorrasyni falið að flitja oddvita erindi þetta
4 Valgarður Kristjánsson hreifði því hvort fel. vildi styrkja Björn Stefánsson með fjárútlátum í veikindum konu hans. málið þótti góðar undir tektir, og var samþikt að skjóta saman en greiða ekki úr

úr sjóði félagsins nema peningar þeir sem söfnuðust þóttu ekki nægilega miklir. Valgarð falið að annast samskotin

5 Lesin úrsögn frá Soffoníasi Jónassyni úr félaginu og tekin gild

Framsögu nefnd og rit nefnd, þær sömu

Fundarstjóri næst Arnfríður Kristinsdóttir

fundi slitið

Valgarð Kristjánsson

Hálfdán Pálsson

## 33 Fundargjörð

Sunnudag 8 júlí 1923 hélt Ungmennafélag Hólshrepps fund að Brúnastöðum. Fundarstjóri var Arnfríður Kristinsdóttir og nefndi hún fundarritara Jón Arngrímsson. Þessi mál voru tekin fyrir á fundinum.

I. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykkt

II. Ákveðið að félagið heyji, og hafði nefndin flokkað niður fólkinu og var það þannig. Í 1. flokk: Hannes Hannesson, Sveinn Pálsson, Jón Jóakimsson, Baldvin Kristinsson, Ingimar Ólafsson, Hartmann Pálsson, Arnfríður Kristinsd. Hallfríður Pálsd. Dagbjört Jónsd.

Annar flokkur: Gunnlaugur Kristjánsson, Gunnar Björnsson, Ásvaldur Pálsson, Guðrún Jónasdóttir Þóra Pálsdóttir, Guðbjörg Jónsdóttir.

Þriðji flokkur: Valgarður Kristjánsson, Árni Kristjánsson, Jón Arngrímsson, Guðfinna Pálsdóttir, Áslaug Guðmundsdóttir. Ennfremur var ákveðið að byrja heyskapinn í 17. viku sumars.

III. Ákveðið að félagsmenn fari í skemmtiför út á Almenninga sunnudaginn í 14 v. og skyldi félagið leggja til hressingu í ferðinni en hver skyldi hafa með sér brauð og bolla

IV. Úrsögn kom frá Guðbjörgu Kristinsdóttur en fylgdi henni ekki vottorð frá gjaldkera um að hún væri skuldlaus við félagið og skoðast hún því sem félagsmaður ennþá

V. Rætt undir mál var ákveðið að undirmagjald fyrir innanhreppsmenn skyldi vera 1,50 kr; en fyrir utanhreppsmenn 2.00 kr, en félagsmenn gjaldfríir. Einnig var formanni félagsins falið að gjöra skriflegan samning við hreppsnefndina, með hvaða kjörum við tökum undir til starfrækslu framvegis.

Fleira kom ekki til umræðu á fundinum. Fundarstjóri þakkaði góðar umræður, og sagði fundi slitið.

Arnfríður Kristinsdóttir – Fundarstjóri –

Jón Arngrímsson – Fundarskrifari –

## 34 Fundargjörð

### Aðalfundur

Sunnudaginn 28. október, hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps aðalfund sinn að Brúnastöðum. Fundarstjóri var þáverandi formaður fjelagsins Hannes Hannesson og skrifari Árni Kristjánsson. Var fundur settur með nokkrum vel völdum orðum frá formanni og svo var tekið til starfa.

I. Rætt um fjármál fjelagsins, og skýrði gjaldkeri frá því, að hann gæti ekki lagt fram reikninga fjelagsins á þessum fundi sem stæða þar sem ekki hefði verið áður ákveðið hverjir borga skyldu inntökugjald, og hverjir ættu óborgað dagsverk og fleira.

II. Þar næst var rætt um hverjir borga skyldu inntökugjald. Eftir nokkrar umræður kom tillaga frá Hannesi Hannessyni þannig: Fundurinn samþykkir að taka ekki inntökugjald af gömlum nemendum á þessu ári nema ársstaðar viðgangist. Tillagan samþykkt.

III. Þá kom fram beiðni frá Bjarna Stefánssyni þar sem hann biður um lán úr fjelaginu að upphæð 70–80 kr. Fjelagsmenn vildu fegnir verða við þeirri bón, þar sem Björn var fjelagsmaður og hafði við mikil veikindi að stríða síðast liðið ár sem hafði mikil peningaútlát í för með sjer. En engir peningar fyrirliggjandi þá hjá fjelaginu en samþykkt að lána engum (nú) það fje sem komið (væri í sparisjóð)

væri í sparisjóð. Kom þá tillaga frá Árna Kristjánssyni þannig: Fundurinn samþykkir að lána Bjarna Stefánssyni alt að kr 80.00 þegar gjaldkeri sjer það fært og peningar eru til. Gjaldkera falið að annast samninga lánsins við viðtjandi. Tillaga samþykkt.

IIII. Þá kom fram beiðni frá Jóni Hjaltasyni um lán úr fjelagsins sjóði að upphæð 30.00 kr og sá fjelagið sjer ekki fært að verða við þeirri bón þar sem áður hafði verið samþykt að að taka ekki á sparisjóðspeningum fjel. til útlána og þar sem upphæðin var svo stór.

V. Þá voru lögin upplesin og samþykt. Starfsmál fjelagsins.

VI. Þá var rætt um hlutkaup ungmennafjelagsins og ætlun að kaupa fyrir sem fjelagið á í Stambarsfjalli, sem er 21 hestar. Eftir nokkrar umræður kaus fundurinn bræðurnar Árna Kristjánsson og Valgarð Kristjánsson til þess að selja heyið eða koma því í peninga.

VII. Rætt var um að halda út blaði eins verið hefði.

VIII. Þá var kosin stjórn fjelagsins, og hlutu þessir kosningu: Formaður: Valgarð Kristjánsson kosin með 4 atkvæðum. Gjaldkeri Loini Jónsson með 11 atkvæðum. Skrifari Árni Kristjánsson með 12 atkvæðum. Varaformaður Hannes Hannesson. Varagjaldk. Ingimar Ólafsson. Varaskrifari Jóna Sigurðardóttir. Til að endurskoða reikninga fjelagsins voru kosin Jóna Sigurðardóttir og Jón Arngrímsson.

IX. Þá var kosin skemtinefnd til ársins. Formaður: Björn Stefánsson, Árni Kristjánsson, Valgarður Kristjánsson, Jóna Sigurðardóttir og Guðbjörg Jónsdóttir. Íþróttanefnd í dagskrárnefnd voru Ingimar Ólafsson, Hannes Hannesson og Gunnl. Kristjáns

Fundarstjóri til næsta fundar var tilnefndur Valgarður Kristjánsson
Fleyra kom ekki til umræðu og fundi slitið.

Hannes Hannesson (Fundarstjóri)
Árni Kristjánsson (Skrifari)

## 34. Fundargjörð

Sunnudaginn 9. desember hjelt Ungmennafjelag Holtshreppinga fund að Brúnastöðum. Fundarstjóri var Sveinn Jónsson og tilnefndi hann ritara Hartmann Pálsson
Þetta var tekið til umræðu á fundinum.

I. Fundargjörð frá síðasta fundi lesin upp og samþykt
II. Rætt var um lánbeiðni frá Jóni Jóakimssyni er legið hefði frá ~~fyrri~~ síðasta fundi en fundurinn gat ekki gert ~~neitt~~ neitt í því á þessum fundi og var því vísað til næsta fundar
III Gjaldkeri las upp reikninga fjel. og voru þeir samþyktir án nokkurra breytinga.
IV Skemtinefndarmál. Lesið var upp álit skemtinefndarinnar og var það rætt ítarlega og ákveðið að halda álfadans 27 þ.m. á Brúnastöðum og skyldi inngangur kosta 1.00 kr fyrir full
orðna en 0.50 fyrir ófermd börn.
V. Framsögunefnd frummælandi Ingimar Ólafsson bar upp það mál hvort Ungmennafjelagið vildi ekki kaupa fótbolta. Var gjörður að því góður rómur og samþykt en [illegible] vísað til næsta fundar. Ennfremur kom Gunnlaugur Kristjánsson með eftirfylgjandi málefni „Hafa Fljótamenn gagn af Siglufirði?“ Um það urðu talsverðar umræður og skiftar skoðanir og var svo málið tekið út af dagskrá.
VI. Lesin upp fundargjörð frá 8 júlí og samþykt. Meðal annars var í henni úrsögn frá Guðbjörgu Kristinsdóttir og skoðast hún því ekki lengur sem fjelagsmaður. Ennfremur sagði Jón Jóakimsson sig úr fjelaginu og er hann líka úr því.
VII mál. Í framsögunefnd voru kosin: Hannes Hannesson, Björn Stefánsson og Sveinn Pálsson. Fundarstjóri til næsta fundar var tilnefnd Jórunn Sigurðardóttir.
Fleira kom ekki til umræðu á fundinum. Fundarstjóri þakkaði mönnum fyrir góðar umræður og sagði fundi slitið

Sveinn Jónsson (fundarstjóri)
Hartmann Pálsson (fundarritari)

# 35 Fundargjörð

Sunnudaginn 13 januar hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps fund að Brúnastöðum. Fundarstjóri var Jóna Sigurðardóttir og tilnefndi hún skrifara Valgarð Kristjánsson. Þessi mál voru tekinn fyrir á fundinum

I. Lesinn upp fundargjörð frá síðastliðnum fundi og samþykkt óbreytt

II. Samþykkt að kaupa fótbolta fyrir vorið og var stjórninni falið það á hendur

III. Lesinn upp laugarsamningur sem þeir Hannes Hannesson fyrverandi formaður Ungmennafjelags og Einar B. Guðmundsson oddviti gerðu viðvíkjandi Ungmennafjel. og hreppsins. Umræður urðu nokkrar, en enduðu með því að samningurinn var álitinn ófullkominn af fjelagsins hálfu og þessvegna ekki undirskrifaður

IV. Framsögumaður Björn Stefánsson bar upp hvort fjelagið vildi kaupa harmoniku. Málið var nokkuð rætt og síðan tekið út af dagskrá

V. Árni Kristjánsson bar upp hvort fjelagið vildi halda skautaskemmtun. Málið var mikið rætt og svohljóðandi tillaga gjörð í því: Fundurinn samþykkir að halda skautaskemmtun á „Mikkavatni“ og felur skemtinefndinni að bjóða til skemmtunarinnar. Tillaga samþykkt

VI. Árni Kristjánsson vakti máls á hinni fyrirhuguðu húsbyggingu Ungmennafjelags. Um málið urðu góðar umræður og enduðu með því að stjórninni var falið að fá grunn á 100 [illegible] [illegible]. Málinu frestað til næsta fundar.

VII. Stjórninni falið að sækja um [illegible] ef með þyrfti

VIII. Framsögumenn [illegible] kosnir: Hannes Hannesson, Baldvin Kristinsson, og Guðbjörg Jónsdóttir. Fundarstjóri til næsta fundar var kosinn [illegible] Guðmundsdóttir. Fundarstjóri (til næsta) þakkað góðar umræður

Fundi slitið

Jóna Sigurðardóttir (Fundarstjóri)

Valgarður Kristjánsson (Skrifari)

36 Fundargjörð

Sunnudaginn 27 janúar 1924 hélt Ungmennafjelag Hollt hreppi fund að Brúnastöðum. Fundarstjóri var Áslaug Guðmundsd. og nefndi hún ritara Jón Arngrímsson.

Á fundinum voru rædd þessi mál

I. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt óbreitt

II. Lesið upp blað í fyrsta sinn á vetrinum og var í því ein ritgjörð

III. mál. Rætt sundmál. Urðu töluverðar umræður um málið og enduðu með því að samþykktur var sá samningur sem þeir gjörðu Hannes Hannesson fyrverandi form. og Einar B Guðmundsson oddviti (gjörðu) í þessu máli. Einnig kom tillaga frá Baldvini Kristinssyni svo hljóðandi: Samningur þessi sje geldandi til tveggja ára tillaga var feld með öllum greiddum atkvæðum gegn einu. Þá var stjórninni falið málið til meðferðar, og undirbúnings undir sýslufund

IV. mál. Framsögumaður Hannes H. bar það undir fundinn, hvort það vildi kaupa Ársrit Sambands-Íslenskra Ungmenna fjelaga Sagði ~~H~~ hann það mjög fróðlegt og skemtilegt og var það samþykt og var það samþykt að fjel. skyldi kaupa það með öllum greiddum atkvæðum

5 mál. Framsögumaður Valgarður Kristjánsson bar það undir alla fundarmanna hvort þeir væru því mótfallnir að Ungmennafjel. gingi í Samband Íslenskra Ungmennafjel. eða þá í væntanl. sýslusamband sem væri væntanlegt að yrði stofnað. Þar sem tími var stuttur var málið látið rætt og látið bíða betri tíma

6 mál. Baldvin Kristinsson stakk uppá því að fjelagið stofnaði ~~[illegible]~~ sjúkrasamlag. Taldi hann það nauðsynlegt þar sem svo erfitt væri að útvega sjúklingi (hjalpað) hjálpar. Málið var ekki hægt að ræða sökum tímaskorts.

7 mál. Kosið var í nefndir. Í rit nefnd Valgarður Kristjánsson Jón Arngrímss. og Grímur Ágústsson

Í framsögunefnd: Guðbjörg Jónsdóttir, Sveinn Jónsson Gunnlaugur Kristjánsson. Fundarstjóri til næsta fundar Björn Stefánsson

Fundarstjóri þakkaði góðar umræður.

Fundi slitið

Áslaug Guðmundsdóttir - fundarstýra -
Jón Arngrímsson - skrifari -

## 37 Fundargjörð

Sunnudaginn 2 marz hjelt Ungmennafjelagið fund að Brúnastöðum. Fundarstj. Valgarð Kristjánsson setti fundinn, og nefndi til skrifara Árna Kristjánsson

Þetta var tekið fyrir á fundinum.

I mál Sveini Arngrímssyni borgað fyrir skemmu 25.00 krónur og eftir stöðvar af ársleigu til 1 marz 1925 og að allt klárt við Svein að þeim liðna hvað húsa leigu snertir.

II — Húsbyggingar mál. framsögumaður Árni Kristjánsson Mikið var rætt um málið, til boð kom frá Sveini á Brúnastöðum að gefa stæði plássundir húsið. Stungið var uppá að stjórnin athugaði hússtæði, og gerði áætlun um kostnað og fengi með sjer Guðmund Ólafsson á Stóra-Holti og Jón Arngrímsson Gili.

III — Talað var um sundskýli: Fundurinn var frekar með að brúka tjald, en byggja ekki tejeskúr. Falið var Valla og Árna að kaupa í tjaldið.

Nefndir sömu og áður voru. Síðasta fundargjörð er hjá Jóni á Gili: fundi slitið

Valgarð Kristjánsson (f. st.) Árni Kristjánsson (ritari)

## 38 Fundargjörð

Sunnudaginn 15/6. 1924 hjelt Ungmennafjelagið fund að Brúnastöðum. Fundarstjóri Jóna Sigurðardóttir, skrifari Gunnl. Kristjánss. Þessi mál voru rædd á fundinum.

I Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt óbreitt. ennfremur lesin upp fundargjörð frá 27 Janúar og samþykt óbreitt

II Sundmál, það mál var mykið rætt, gjaldkjeri skyrði frá því að sundkjennari væri ráðinn Páll Jónsson Illugastöðum, en kaup óumsamið ennþá.

III Gjaldkjeri bar upp hvert Ungmennafjelögum syndist ekki að hafa gjaldeyrir fyrir nýja nemendur 2 krónur í eitt skifti fyrir öll, en hafa gamla nemendur gjald frýa, málið mykið rætt, og svohljóðandi breitingar tillaga borin fram í því: Sundgjald skal vera 1,50 kr fyrir gamla og nýja nemendur, sem borgist árlega. tillagan samþykt

IV Heyskapar mál. Það mál var mykið rætt, og kosin nemd í það, kosningu hlutu Jóna Sigurðardóttir, Guðfinna Pálsdóttir og Sveinn Jónsson.

V Skjemtiferð. Málfundafjelagið Von í Stýflu gaf Ungmannafjelaginu tilboðum að sameina skjemtiferð sína í sumar. Tilboðinu var tekið, og ákveðið að mætast í Stýfluhólum. Dagskrá nemd sú sama, fundarstjóri til næsta fundar var kosin Áslaug Guðmundsdóttir. Fundi slitið.

(Jóna Sigurðardóttir fundarstjóri) Gunnlögur Kristjánsson ritari)

## 39. Fundargjörð

Sunnudaginn 3. Ágúst 1924. hjelt Ungmennafjelagið fund að Brúnastöðum. Fundarstjóri Áslaug Guðmundsdóttir, skrifari Valgarð Kristjánsson
Á fundinum voru þessi mál rædd.

I. Heyskapar mál, heyskaparnefnd lagði fram gjörðir sínar, sem voru þessar fengið engi á Reykjarhóli með 65 aura gjaldi undir heyhestinn.
Einnig hefur nefndin ráðað niður fólkji til heyskapar, og ákveðið að vinna 10 tíma á dag. Gjörðir nefndarinnar voru samþyktar

II Sundmál Ungmennafjelagið hefur fengið svo hljóðandi bréf frá sýslumanni Skagafjarðarsýslu „ Jafnframt því að tilkynna yður að fjelagi yðar var veittur styrkur í þessu ári til sundkenslu úr sýslusjóði að upphæð kr 100 eitt hundrað skal tekið fram, að þetta verður greitt þegar fullkomin skýrsla um sundið er komin í mínar hendur, og kostnaðar reikningur vegna sundsins, en skýrslan á að bera þetta með sjer: Nemenda tölu, hve langur kenslu tíminn var, og hvað margar stundir daglega var kent og prófs einkanir Kr. Linnet

III Lagður fram reikningur frá Valgarð Kristjánssyni yfir heysölu árið 1923. og yfir mótgjald sem fjelagið kom upp og fleira, og fleira. reikningurinn afhentur gjaldkera til innfærslu. Mönnum þökkuðar góðar umræður. fundi slitið.

Áslaug Guðmundsdóttir (fundarstjóri)
Valgarð Kristjánsson (ritari)

## 40. Fundargjörð.

Sunnudaginn 26/10. 1924. hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps aðalfund sinn að Brúnastöðum. Fundarstjóri var formaður fjelagsins Valgarð Kristjánsson, og tilnefndi hann skrifara Hartmann Pálsson í fjarveru ritara og vara ritara.
Þettað var tekið fyrir á fundinum.

1. Lesin upp fundargjörð frá 3. Ágúst og samþykkt
2. Lesin upp lög fjelagsins og samþykkt
3. Gjaldkjeri skýrði frá því að hann gæti ekki lagt framm reikninga fjelagsins í þessum fundi, vegna þess að þeir væru ekki fullgerðir en kvaðst geta lagt þá framm á næsta fundi
4. Kosin stjórn fjelagsins og hlutu þessir kosningu. Formaður Valgarð Kristjáns ritari Guðfinna Pálsdóttir gjaldkjeri Sveinn Jónsson. Vara stjórn kosin formaður Jóna Sigurðardóttir ritari Gunnlaugur Kristjánsson gjaldkjeri Hartmann Páls. Endurskoðendur næstu árs reikninga voru kosin Dagbjört Jónsdóttir og Gunnlaugur Kristjánsson.
5. Kosin skemtinefnd til næsta árs. Formaður Baldvin Kristinsson Valgarð Kristjánsson Guðbjörg Jónsdóttir Sigríður Jóhannesdóttir og Hartmann Páls
6. Kosin dagskrá nefnd Baldvin Kristinsson Sigríður Jóhannesdóttir og Sigurður Jónsson
8. lesin upp nafnaskrá fjelagsins og eru fjelagsmenn 27. að meðtöldum 3 sem gengu í fjelagið sem heita Sigríður Jóhannesdóttir Sigurður Jónsson Kristján Sámundsson

9. Fundur, im Koon sjer saman um að kosinn væri einn af fjelagsmönnum til þess að lesa upp mönnum til skjemtunar á eftir hverjum fundi og á fundarstjóri að kjósa hann. Fleira kom ekki til umræðu fundi slitið. Fundarstjóri til næsta fundar Hartmann Pálsson.

Valgarð Kristjánsson (Fundarstjóri)
Hartmann Pálsson (ritari)

41. Fundargjörð

Sunnudaginn 7/12. 1924 hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps fund að Brúnastöðum
Fundar stjóri Hartmann Pálsson nefndi til skrifara Gunnlaug Kristjánsson
Þessi mál voru rædd á fundinum
1 Lesin upp fundar gjörð frá síðasta fundi og sam þykkt óbreitt
2 Lesnir upp árskeikningar fjelagsins af gjaldkjera og sam þykktir breitingalausir
3 Sam þykkt að fá Pál á Illugastöðum til þess að skrifa sýslu manni viðvíkjandi á kennum sundstirk fyrir síðast liðið ár.
4 Gjaldkjeri las upp úr sögn frá Guðmundi Olafsyni Ingimar Olafsyni Bergi Guðm og Arnfríði Kristinsdóttir og þar með að úr segjendur væru skuld lausir við U.m.f, í fjelagið gekk aftur Sigurbjörn Bogason, Einnig lesið upp blað fjelagsins.
5 Dagskránefnd Baldvin Kristinsson bar upp hvort U.m.f sindist ekki að fá sjer hljóð færi innan skams, hvað slæmt að hafa ekki hljóð færi sem væri eign fjelagsins málið mikið rætt og síðan tekið út af dagskrá.
Næsti framsögu maður Sigurður Jónsson lagði spursmál fyrir fundinn sem hljóðaði svo „Hvers þarfnast Fljótmest". Um þettað urðu allfjörugar um ræður og síðan tekið út af dagskrá. Þriðji framsögumaður Sigríður Jóhannesdóttir sem kom með þessa. visu.

Fara á skíðum stutta stund, stúlku fríða spenna mund.
Sigla víða á hýra hund, hestum ríða á sljettri grund.

All fjörugar um ræður urðu um vísuna undist, einum annað og hinum hitt svo var þettað mál tekið út af dag skrá.
6 Skemti nefnd hefir ákveðið að halda Tombólu á 4 í Jólum. Það mál var borið undir fundinn til sam þykkis.
7 Kosið í ritnefnd. Guðfinna Pálsdóttir Björn Stefánsson Kristján Sæmundsson
8 Fram sögu nefnd Ástvaldur Pálsson Sigur björn Bogason Guðbjörg Jónsdóttir
Fundarstjóri til næsta fundar Sigurður Jónsson.
Fundar stjóri þakkaði góðar um ræður fundi slitið

Hartmann Pálsson (fundar st)
Gunnlaugur Kristjánsson (ritari.)

## 42 Fundargjörð.

Sunnudaginn 11/1 -1925. var fundur haldinn að Brúnastöðum af Ungmenna-fjelagi Holtshrepps, fundarstjóri Valgarð Kristjánsson nefndi skrifara Jón Arngrímsson.

Á fundinum voru rædd þessi mál.

1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi, og samþykt óbreitt

2. Lesnar upp 4 ritgerðir úr Vísir og var gerður góður rómur að þeim.

3. Gjaldkjeri fjelagsins bar það undir fundinn hvort fjelagið ætti að hafa hús það eftirleiðis, sem það hefði haft hingað til, sagðist hann hafa heyrt að eigandi þess ætlaði að minka leigu plássið, en hefði óskað eftir að fá næsta árs leigu fyrirfram; málið var rætt talsvert eigandi hússins var kallaður á fund, og undir gekst hann að lána húsið framvegis á sama ársigkomu lagi og það hefði verið lauk svo því máli

4 Baldvin Kristinsson bar undir fundinn í nafni skjemti nefndar, hvort fjelagar væru því samþykkir að halda skjemtun í til efni af heyonekomu beggja fjelaga sem höfðu verið fjarverandi undanfarin tíma, sagðist hann vera búinn að útvega húspláss í Stóra-holti og það mundi ekkert kosta. Var þessu máli vel tekið og skjemtinefnd falið það til frekari meðferðar

5 Fjárveiting úr fjelagssjóði, framsögumaður Jón Arngrímsson,

Út af umræðum um lán þang sem hafa veitt verið úr fjelagssjóði til einstakra manna, taldi framsögumaður að fjelagið myndi þurfa að fara að halda áfjeno ef til vill í næstunni og væri þá illt að hafa fje sitt fast, því fremur, fremmur að samningar viðvíkjandi nýjaðir (eftir leiðis) og lánin ekki veitt eftir leiðis, nema með því skilirði að borga alltaf vöxtu árlega í höfuðstól á samt rentum. Um þetta urðu nokkrar umræður voru allir með því að hafa inneign fjelagsins í útl. og skoraði fundurinn á stjórnina að ganga framm í því að samningar væru gerðir,

lauk svo því máli.

6. Úrsögn kom frá Árna Kristjánssyni, og fylgdi henni vottorð frá gjaldkjera um að hann væri skuldlaus við fjelagið

7 Kosið í ritnefnd Guðfinna Pálsdóttir, Hartmann Pálsson Jón Arngríms í framsögu nefnd þeir sömu og áður. Fundarstjóri til næsta fundar Sigurður Stórusvera. Fundarstjóri þakkaði góðar umræður fundi slitið

Jón Arngrímsson (fundar ritari)

Valgarð Kristjánsson (f.st.)

## 43. Fundargjörð.

Sunnudaginn 25/1 hjelt Ungmenna fjelagið Holtshrepp fund að Brúnastöðum, fundarstjóri Sigurður Jónsson nefndi til skrifara Gunnlaugur Kristjánsson.

Þetta var tekið fyrir á fundinum

1. Lesið upp blað fjelagsins
2. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt.
3. Formaður skemtinefndar skýrði frá að U.m.f. væri boðið frítt húsplass í Barnaskóla fyrir eina skemtun, en þó jafnframt væri ætt upp að heimilis fólkið hefði fría aðgang að skemtaninni.

Málið var nokkuð rætt og samþykti fundurinn að ganga að boðinu og ákvaðum líka að aðgangur að skemtaninni skildi vera 50 (aurar) jafnt fyrir alla.

4. Framsögu mál. Eigum við að ferðast, framsögu maður Kristján Sæmundsson nokkrar umræður voru gerðar að málinu og það síðan tekið útaf dagskrá
5. Lesinn upp kafli úr bók sem heitir eftir kveitingar, til skemtunar fundarmönnum 6. 2 I framsögu nefnd kosin Ásvaldur Pálsson Guðbjörg Jónsdóttir Sigurbjörn Bogason. í ritnefnd Hartmann Pálsson Baldvin Kristinsson Sigríður Jóhannesardóttir. Fundarstjóri næst Gunnlaugur Kristjánsson

Fundi slitið. (Gunnlaugur Kristjánsson ritari) (Sigríður Jóhannesardóttir fst)

## 44. Fundargjörð.

Sunnudaginn 1/3. 1925 hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps fund að Brúnastöðum. Fundarstjóri Gunnlaugur Kristjánsson setti fundinn og nefndi til skrifara Guðfinnu Pálsdóttir. Þessi mál voru tekin fyrir á fundinum

1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykt óbreitt.
2. Lesinn upp Vísir blað fjelagsins og gerður góður rómur að ritgerðunum.
3. Framsögu mál. Hvort er skemtilegra að stunda heyvinnu í sveit eða síldar vinnu í kaupstað, framsögumaður Guðbjörg Jónsdóttir talaði fyrir málinu og taldi skemtilegra að vinna í sveit. var málið rætt frá ýmsum hliðum og síðan tekið útaf dagskrá eftir nokkrar umræður
4. Hvað stendur Fljótum mest fyrir þrifum, framsögumaður Sigurbjörn Bogason það mál var rætt af flestum sem á fundinum voru og urðu um það skiptar skoðanir, sýndist einum annað og hinum hitt, loks var það tekið útaf dagskrá eftir góðar og fróðlegar umræður.

3 framsögumaður Ásvaldur Pálsson var ekki mættur á fundinum

5. Sundmál, framsögu maður Valgarð Kristjánsson taldi nauðsinlegt að sækja um styrk til sundsins kr 100. (hundrað kr) var það samþykkt, og stjórninni falið að sjá um það.

Formaður fjelagsins skýrði frá því að sundstirkur frá síðasta ári væri ókominn, vegna þess að skýrslur og kostnaðar reikningur

hefðu glatast hjá sýslumanni, var samt búist við að stimpilinn kjæmi
6 Valgerð á Gilslaug, vildi gjaldkjeri láta jarðar ábúanda sjá um að
klepira í laugina og hafa hana til, þegar sundkjennari færi að kjenna
Formaður skirði frá að ráðinn væri sundkjennari Páll Jonsson Illugastöðum
ákveðið að kjenna í 14 daga. kaup óumsamið.
Svohljóðandi tillaga kom frá Valgerð Krs. um sundnema gjald.
Fundurinn samþykkir að hafa sundnemagjald lítið, sem borgist
í hvert skipti sem sund er haldið. Tillaga samþykkt, málið tekið útaf
dagskrá.
7 Heyskapar mál. Tilboð kom frá Jóni Jóakimssyni
um að hann vildi lána engi í Hólum, má vinna engið eftir þörfum
í það máli var ~~kosin~~ ~~[illegible]~~ þriggja manna nefnd.
Valgerð Krs Sveinn Jónsson og Björn Stefánsson
8. Fundurinn samþykkir að fjelagið fái sjer stimpil með nafni
fjelagsins, var Jóni Arngrímssyni falið að velja hann
9. Í framsögunefnd Björn Stefánsson. Jóna Sigurðardóttir og Guðfinna Páls.
Ritnefnd Sveinn Jónsson Dagbjört Jónsdóttir og Sigurbjörn Bjarn.
Fundarstjóri til næsta fundar kosin Sigríður Jóhannesardóttir.
Fleira kom ekki til umræðu, fundarstjóri þakkaði góðar umræður fundislit
Guðfinna Pálsdóttir (skrifari) Gunnlaugur Kristjánsson (fundarst)

45 Fundargjörð.

Sunnudaginn 22/3. 1925. var fundur haldinn í Ungmennafjelagi Holtshrepps á Brúnastöðum. Fundarstjóri Sigríður Jóhannesdóttir nefndi til skrifara Baldvin Kristinsson.

Þessi mál voru rædd á fundinum.

1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykkt
2. Ritnefnd skirði frá því að blaðið gæti ekki komið út vegna þess að ekkert hefði verið ritað í það
3 Hvort er betra að vera í vinnumensku eð lausamensku framsögum. Guðfinna Pálsdóttir.

Málið var rætt frá ýmsum hliðum, og vildi einn þettað og annar hitt, og var það tekið útaf dagskrá eftir talsverðar umræður

4 Hvort er betra að selja heyin eða hafa skjepnur á þeim. Framsögum. Björn Stefánsson. Skýrði hann enga afstöðu sína í framsöguræðu sinni, en sagðist hafa gaman af að heyra álit manna um það, urðu sem oftar skiftar skoðanir, lauk því máli saamt með friði eftir nokkrar og kröftugar umræður.

5 Húsbygginga mál framsögum. Jóna Sigurðardóttir.
Hvað hún málað fara að vakna til umhugsunar um væntanlega húsbygginga ef það ætti ekki að lega í höndonum á þeirri nefnd

sem kosin hefði verið það mál í fyrra, og ekki hefði látið neitt til sín taka. Var mælið mykið rætt og voru allir á einu máli að þirfti að gera alvarlega gangskör í því máli.
Formaður skírði frá því að hægt mundi vera að fá gruom á sva kölluðum Kjetil-ás hjá Guðmundi í Stóraholti og ennig gat hann þess að nú sem stæði mætti fá ódýran trjávið frá Noregi, og sagist hann geta fengið áætlun og tekningu af húsinu að kostnaðar lausu. Varð niður staðan sú að kosin var ný nefnd til að hafa fram kvæmdir á þessu máli og hlutu kosningu þessir
Valgarð Kristjánsson Baldvin Kristinsson Jón Arngrímsson Björn Stefánsson og Jóna Sigurðardóttir
6. Framsögu nefnd Gunnlaugur Kristv. Kristján Sæmundsson Jón Arngrímsson. Ritnefnd sama.
Fundarstjóri til næsta fundar Jóna Sigurðardóttir
Fundi slitið
Baldvin Kristinsson ritari, Sigríður Jóhannesardóttir (fundarst.)

46 Fundargjörð

Sunnudaginn 19. April 1925. hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps fund að Brúnastöðum, fundarstjóri var Jóna Sigurðardóttir nefndi hún fundar ritara Jón Arngrímsson. Efni fundarins var þettað
1. Lesin upp fundargjörð frá síðasta fundi sem þótti helst til langorð og var samþykkt að draga úr henni þegar hún væði færðinní gjörðabók-fjelagsins.
2. „Hvað átti að vera helsta áhugamál fyrir Ungmennafjelagið" framsögu-maður Gunnlaugur Kristjánsson, „sagðist hann lítið hafa að segja um þettað mál því hann hefði lítið hugsað um það en sig langaði að heyra álit manna um það".
Tók formaður fjelagsins næst til máls og skírði frá hvað ætti að vera mesta áhuga mál fyrir fjelagið, sagði hann að mikið væi um það rætt og ritað að Ungmennafjelögin ættu helst að starfa að því að stöðva þann straum sem væri orðin af folki úr sveitinni í kaupstaðina og færi alltaf vaxandi, og svo ætti það að styðja að öllum verklegum framförum í sveitinni.
Tóku fleiri til máls og urðu allsnarpar umræður, og helsta ágreinings efnið hvað teldist til sveita mála.

varð þar nokkur misskilningur á milli fundarmanna sem
þó endaði með sátt og samlyndi og var það mál tekið
út af dagskrá

3 Húsbygginganefnd lagði fram tillögur sem hún hafði samið
um væntanlega húsbyggingu urðu talsverðar umræður og ágreiningur
milli Sveins Jónssonar og Jóns Arngrímssonar en sem betur fór
byggist það alt á misskilningi hjá báðum, og voru tillögurnar
samþykktar eins og þær komu frá nefndinni

ennfremur var kosinn maður í byggingar nefndina í stað
Baldvins Kristinssonar ~~sem~~ er fjarverandi hlaut kosningu
Sveinn Jónsson

4 Kosin endurskoðunarnefnd sú sama og á síðasta fundi

5 Framsögu nefnd Kristján Sæmundsson, Jón Arngrímsson
Hartmann Pálsson. Fundarstjóri til næsta fundar
Guðbjörg Jónsdóttir.

Fleira kom ekki til umræðu á fundinum,
fundar stjóri þakkaði góðar umræður og sagði fundi slitið

Jón Arngrímsson (ritari) Jóna Sigurðardóttir (fundarst)

# Nefndar tillögur.

1. Byggingar nefnd Ungmennafjelagsins telur það nauðsynlegt að fara að láta eitthvað til skarar skríða í því máli,
leggur nefndin það til að verði pantað efni til hússins nú á þessu ári, og því komið á staðinn, svo í síðasta lagi verði hægt að byggja það aftur að hausti (1925) einnig fer nefndin fram á það að sparisjóðseign fjelagsins sje sagt upp nú þegar, svo ekki standi á því þegar þarf að leysa út efni til hússins.

2 Nefndin álítur það heppilegast að húsið sje byggt úr steini, þar sem það álitist traustara og ódýrara samkvæmt áætlun.

3. Nefndin leggur það til að leitað sje þess hjá fjelagsmönnum, að þeir gefi til hússins, eitt eða fleiri dagsverk, eftir getu hvers einstaklings, til þess að geta dregið úr kostnaðaráætluninni við að flýtja að verkefni

4. Nefndin álítur að ekki muni safnast svo mikil vinna af gjafadagsverkum að það nái til við húsið, þó fer hún framm á það að leitað sje samkomulags með fjelagsmönnum að þeir láni fjelaginu vinnu sína, þar til fjelagið verður þess megnugt að endurgreiða lánið.

Byggingarnefndin

## 47 Fundargjörð. (Héraðsfundar)

Sunnudaginn 19 Júlí 1925 hjelt Ungmennafjelagið fund að Brúarstöðum, fundarstjóri Valgarð Kristjánsson setti fundinn og tilnefndi fundarskrifara Svein Jónsson.

Tilefni fundarins var heyskaparmál.

Heyskaparnefnd skýrði frá gjörðum sínum í því máli, hafði hún leigt hálft Hólaengi hjá Jóni Jóakimssyni, til slægnar, og skildi borga ~~50,~~ 50,00 aura f undir hey hestinn.

Nefndin lagði ~~til~~ að heyvinnu sem að undanförnu í þremur lagi, og hafði hún ráðað niður eftir því hún sá hentugast.

I flokkur, sláttur og ragstur.

Björn Stefánsson (formaður) Hartmann Pálsson, Gunnlögur Kristjánsson, Ástvaldur Pálsson, Kristján Sæmundsson, Hannes Hannesson, Baldvin Kristinsson, Sigurður Jónsson, Jón Angrímsson, Dagbjört Jónsdóttir, Guðbjörg Jónsdóttir, Þóra Pálsdóttir, Áslaug Guðmundsdóttir.

II flokkur heyþurkun.

Valgarð Kristjánsson, (formaður) Sveinn Pálsson, Gunnar Björnsson, Guðfinna Pálsdóttir Sigurður. Jóhannesardóttir.

III flokkur bindingur.

Sveinn Jónsson Sigurbjörn Bogason Hallfríður Pálsdóttir Jón Sigurðardóttir

Úr I flokk var þrent fjarverandi og úr III flokk einn, var ákveðið að fá fólk til að vinna í stað þess, og var dagsverkið metið sem að undanförnu karlmanns kr 8,00 kvennmanns kr 4,00

Ákveðið var að fyrsti flokkur skyldi vinna sunnudaginn í ~~sjö~~ komandi viku sumars. Sveinn Jónsson hreifði því hvort ekki væri rjettast að fela nú þegar einhverjum ~~að þegar~~ að selja til væntanlega hey Ungmennafjelagsins ef tæki færi gæfist. Samþykkt var að kjósa ~~þrigg~~ þriggja manna nefnd til að selja heyið, kosningu hlutu þessir

Valgarð Kristjánsson Hartmann Pálsson Sveinn Jónsson

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Sveinn Jónsson ritari. Valgarð Kristjánsson fundarstjóri.

# Fundargjörð. Aðalfundar.

Sunnudaginn 26/10.25 var haldinn aðalfundur í Ungmenna-
fjelagi Holtshrepps. Fundarstjóri formaður fjelagsins Valgarð Kristjáns
ritari Guðfinna Pálsdóttir.
Þessi mál voru rædd á fundinum
1. Lesin upp fundargjörð frá 19 Júlí og samþykt óbreitt
2. Lesnir upp reikningar fjelagsins og samþyktir
3 Lesin upp lög fjelagsins og rædd
Fundurinn samþykkti að breita 6 gr þannig.
„ Fundi sina heldur fjelagið 1ur sinni í mánuði og á sunnudögum
skulu þeir byrja stundvíslega klukkan 2 (síðd).
– Einnig hert á 14 gr þannig. „ Engin af fjelögum má um hönd
hafa peninga spil.“ Lögin að öðruleiti samþykt óbreytt.
4 Lesin nafna-skrá fjelagsins og töldust fjelagsmenn 22 að [illegible] –
meðtöldum tveimur sem gengu í fjelagið á aðalfundi Jóni Sigurðs og Jóhannesi Sigs
5 Úrsögn frá Áslaugu Guðmundsdóttir og Baldvin Kristinssini
og fylgdi með vottorð frá gjaldkjera um að þau væru bæði skuldlaus
við fjelagið.
6. Kosið í stjórn fjelagsins og hlutu kosningu þessi

Formaður Valgarð Kristjánsson með 8 atk. Ritari Guðfinna Pálsdóttir með 7 at
Gjaldkjeri Sveinn Jónsson með 8 at. Í vara stjórn. Formaður Hartmann Pálsson
Ritari Gunnlögur Kristjánsson. Gjaldkjeri Jóhannes Sigurðsson
Til að endur skoða næsta árs reikninga fjelagsins voru kostnir
Hartmann Pálsson með 10 at. Kristján Sæmundsson með 4. atk.
7 Kosið í skemtinefnd til næsta árs
Jóhannes Sigurðsson Jón Arngrímsson Hartmann Pálsson
Gunnlögur Kristjánsson Sigurbjörn Bogason
8 Í rit nefnd Valgarð Kristjánsson Guðfinna Pálsdóttir Sveinn Jónsson
9 Í fram sögu nefnd Sigurbjörn Bogason Hartmann Pálsson Sigurðurjóhannesd
Fundar stjóri til næsta funda Sveinn Jónsson
Fleira kom ekki til umræðu fundarstjóri þakkaði góðar umræður
og sagði fundi slitið

Valgarð Kristjánss (fundarst) Guðfinna Pálsdóttir (fundarritari)

49 Fundargjörð.

Sunnudaginn 22 November 1925. hjelt Ungmennafjelag Holtshrepps fund að Brúnastöðum. Mættir 14 fjelagsmenn. Fundarstjóri Sveinn Jónsson, er tilnefndi ritara Kristján Samundsson. Þessi mál voru rædd á fundinum:
1. Lesinn upp fundargjörð frá síðasta fundi og samþykkt af öllum mættum fjel.
2. Framsögumál. Fyrirspurn frá Sigurbirni Bogasyni hvort fjelagið vildi kaupa Harmonikku, Málið fjekk stuðning undir tekið var tekið út af dagskrá felt með gögnum atkvæðum
2 Tillaga frá Jóni Arngrímssyni. „Hvað fundurinn samþykkti að fjelagið lati af hendi sakna fje til minningar Snorra sál Snorrasyni."
Um málið var mikið rætt og tillaga samþykkt
Önnur tillaga frá Guðfinnu Pálsdóttur. „Fundurinn samþykkir að minnast Snorra sál Snorrasonar með minningarspjaldi. Tillaga samþykkt af öllum mættum fjelagsmönnum
3. Tveir framsögumenn Hartmann Pálsson og Sigríður Jóhannesardóttir komu ekki með málefni á fundinn
4 Vísir blað fjelagsins kom ekki til upplestrar á fundinum
5 Nefndarkosningar. Í framsögu nefnd Hartmann Pálsson Sigríður Jóhannesd.
7 Ástvaldur Pálsson. Bilnefnd endurkosin. Fundast. til næstafundar Hartm. Pálsson
Fundi slitið Sveinn Jónsson fundarst. Kristján Samundsson fundarskrifari

## Nefndarálit.

Sunnudaginn 10 janúar. 1926. kom byggingarnefnd Ungmennafjelagsins saman í Stórholti. 4 menn voru mættir úr nefndinni, og var þetta gjört að samþykktum.
1. Formaður skýrði frá því að hann hefði ekki fengið neina frekari vissu með fyrirhugaðann húsgrunn, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sem hann hefði gjört að nátali af núverandi eiganda jarðarinnar Stórholts: En svo öll bygging strandaði ekki á því, kom nefndin sjer saman um að fjelagið, hjeldi sig við til boð fyrverandi eiganda jarðarinnar (Guðm. Ólafsson.) að taka grunninn á leigu til 50. ára gegn 5.- kr (fimm krónu) leigu um árið.
2. mál. Efni til hússins Nefndinni gjörir ráð fyrir þurfi 300. tunnur af möl og sandi í steypu, og þarf það að komast á staðinn í vetur, ef á byggja að vori. Leggur nefndin það til að fjelagsmenn flytji það á staðinn að kostnaðar lausu fyrir fjelagið: Og óskar nefndin að hver fjelagsmaður gefi það upp á næsta fundi hvað þeir treystist til að flytja mikið af möl og sandi á staðinn
3 mál. Um kostnað við bygginguna hússins og einn fjárhags ástæður fjelagsins bíð nefndinni við að geta gefið nauðsynlegar upplýsingar á næsta fundi. — Fleira kom ekki til umræðu og var fundi slitið

Byggingarnefndin